

# Stjórnartíðindi

## 2004 - B-deild - B37-42

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

# ***Stjórnartíðindi***

**B 37-42**

**Nr. 268-295**

**2004**

## Efnisyfirlit B 37–42 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
268	15. mars	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi iðnaðarsvæðis á Grundartanga 1997-2017, ný veglína, Skilmanna- og Hvalfjarðarstrandarhreppum .....	733
269	15. mars	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Grundartangi, ný veglína, Skilmanna- og Hvalfjarðarstrandarhreppum .....	733-734
270	17. mars	Reglugerð um togveiðar á kolmunna 2004 .....	735-737
271	17. mars	Reglugerð um veiðar úr úthafskarfastofnum 2004 .....	737-742
272	19. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 270, 17. mars 2004, um togveiðar á kolmunna .....	743
273	22. mars	Auglýsing um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík .....	744
274	23. mars	Auglýsing um framlengingu banns við innflutningi frá Bandaríkjum Norður-Ameríku vegna hæsnapestar (Avian Influenza) .....	745
275	26. mars	Auglýsing um framlengingu banns við innflutningi frá Kína, Taílandi, Suður-Kóreu, Víetnam, Japan, Taívan, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong vegna Avian Influenzu eða fuglaflensu .....	746
276	10. febr.	Reglur um fjárhagsaðstoð Félagsþjónustunnar í Reykjavík ..	747-755
277	15. mars	Gjaldskrá Geislavarna ríkisins fyrir árið 2004 .....	756-758
278	8. mars	Skipulagsskrá fyrir Thorvaldsens-sjóðinn, styrktarsjóð til málefna sykursjúkra barna og unglinga .....	758-760
279	18. mars	Samþykkt um hunda- og kattahald í Austurbyggð.....	760-764
280	20. mars	Auglýsing um deiliskipulag í Bessastaðahreppi .....	764
281	18. mars	Samþykkt um hundahald í Þingeyjarsveit .....	765-766
282	18. mars	Samþykkt um hundahald á Akranesi .....	766-768
283	17. mars	Auglýsing um deiliskipulag á frístundahússlóðum í landi Hofstaða, Borgarbyggð .....	769
284	17. mars	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Aðaldælahreppi .....	769
285	17. mars	Gjaldskrá fyrir losun á seyru úr rotþrómi í Aðaldælahreppi ...	770
286	11. mars	Gjaldskrá fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Grindavík .....	770-771
287	26. febr.	Gjaldskrá fyrir stofngjald fráveitu og fráveitugjald í Grindavík .....	771
288	11. mars	Skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Þekkingarsetur Þingeyinga .....	772-773
289	12. mars	Reglur um greiðslu fyrir lögregluástoð við flutning .....	773-774
290	15. mars	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Akureyrar .....	774
291	17. mars	Auglýsing um starfsreglur kirkjupings um breyting á starfsreglum um rekstrarkostnað prestsembættis og vegna prófastsstarfa nr. 819/1999 .....	775
292	12. mars	Reglur um fjárhagsaðstoð í Reykjanesbæ .....	775-780

# STJÓRNARTÍÐINDI B 37 – 2004

15. mars 2004

733

Nr. 268

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi iðnaðarsvæðis á Grundartanga 1997-2017, ný veglína, Skilmanna- og Hvalfjarðarstrandarhreppum.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. mars 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi iðnaðarsvæðis á Grundartanga 1997-2017 frá 18. desember 1996.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir nýrri veglínu að iðnaðarsvæðinu á Grundartanga frá hringvegi nr. 1 í stað núverandi tengingar. Ný veglína liggur frá hringvegi nr. 1 vestan við bæinn Klafastaði í Skilmannahreppi, þaðan til austurs norðan við lóðir Íslenska járnblendifélagsins og Norðuráls og tengist utan skipulagssvæðisins vegi nr. 47 um Hvalfjörð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefnda Skilmannahrepps og Hvalfjarðarstrandarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 15. mars 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

15. mars 2004

Nr. 269

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Grundartangi, ný veglína, Skilmanna- og Hvalfjarðarstrandarhreppum.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. mars 2004 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 frá 26. apríl 1994.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir nýrri veglínu að iðnaðarsvæðinu á Grundartanga frá hringvegi nr. 1 í stað núverandi tengingar. Ný veglína liggur frá hringvegi nr. 1 vestan við bæinn Klafastaði í Skilmannahreppi og þaðan til austurs norðan við lóðir Íslenska járnblendifélagsins og Norðuráls. Frá veginum eru lagðir tveir nýir aðkomuvegir að höfninni og að fyrirtækjunum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skilmanna- og Hvalfjarðarstrandarhreppa. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 15. mars 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 38 – 2004

17. mars 2004

735

Nr. 270

## REGLUGERÐ

### um togveiðar á kolmunna 2004.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til flotvörpuveiða íslenskra skipa á kolmunna á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) í fiskveiðilögsögu Íslands og í lögsögum þeirra landa, þar sem íslensk skip hafa rétt til að veiða samkvæmt samningum. Á árinu 2004 er íslenskum skipum heimilt að veiða 493 þús. lestir af kolmunna og skal Fiskistofa skipta því heildarmagni milli þeirra á grundvelli aflahlutdeildar þeirra.

#### 2. gr.

Íslenskum fiskiskipum er óheimilt að stunda flotvörpuveiðar á kolmunna skv. 1. gr. án sérstaks leyfis Fiskistofu. Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda flotvörpuveiðar á kolmunna, sem hafa aflamark í kolmunna.

#### 3. gr.

Óheimilt er að stunda kolmunnaveiðar með flotvörpu vestan 20°30' V og innan línu fyrir Suður- og Austurlandi sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- |                             |                             |
|-----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°05'90 N – 20°30'00 V  | 11. 63°33'60 N – 14°41'70 V |
| 2. 63°11'40 N – 19°07'30 V  | 12. 63°43'40 N – 13°53'00 V |
| 3. 63°07'50 N – 18°38'00 V  | 13. 64°00'00 N – 13°07'00 V |
| 4. 63°09'00 N – 18°27'00 V  | 14. 64°21'70 N – 12°17'30 V |
| 5. 63°07'00 N – 18°02'00 V  | 15. 64°32'30 N – 11°41'00 V |
| 6. 63°12'50 N – 17°00'00 V  | 16. 65°00'00 N – 11°28'00 V |
| 7. 63°20'00 N – 16°03'00 V  | 17. 65°27'00 N – 11°24'00 V |
| 8. 63°22'50 N – 15°51'00 V  | 18. 65°50'00 N – 11°32'00 V |
| 9. 63°26'00 N – 15°29'00 V  | 19. 66°06'00 N – 11°33'00 V |
| 10. 63°30'70 N – 15°00'00 V | 20. 66°15'00 N – 12°00'00 V |

og þaðan í rv. 360° að mörkum fiskveiðilögsögunnar.

## 4. gr.

Íslenskum skipum sem leyfi hafa fengið til kolmunnaveiða með flotvörpu er skylt að halda afladagbækur um veiðarnar, sbr. reglugerð nr. 303/1999 um afladagbækur. Þar skal fram koma m.a. veiðisvæði, veiðitími og afli í hverju togi. Skal Fiskistofu sent afrit af afladagbókunum eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánaðamót eða eftir að veiðum lýkur.

## 5. gr.

Kolmunnasýni skulu tekin úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð. Í hverju sýni skulu vera 100-200 stykki af kolmunna sem valin eru af handahófi. Sýnin skulu fryst um borð, ræki-lega merkt (staður, dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnuninni í Reykjavík eða útibúum stofnunarinnar að lokinni veiðiferð.

## 6. gr.

Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda kolmunnaveiðar í flotvörpu sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrr en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

## 7. gr.

Um tilkynningar við kolmunnaveiðar á alþjóðlegu hafsvæði gilda ákvæði reglugerðar nr. 477/1999, um veiðieftirlit á samningssvæði (NEAFC) Norðaustur-Atlantshafsveiðinefndarinnar með síðari breytingum og taka þær tilkynningar einnig til veiða innan lögsögunnar sem og veiða í færeyskri lögsögu. Um tilkynningar til Færeyja vegna veiða innan færeysku lögsögunnar fer samkvæmt reglum færeyskra stjórnvalda.

## 8. gr.

Skipstjóri skal, svo fljótt sem verða má eftir að veiðum lýkur og eigi síðar en 4 klukkustundum eftir að komið er til hafnar, senda Fiskistofu skýrslu um áætlaðan kolmunnaafli á viðkomandi veiðiferð á því formi sem Fiskistofa ákveður. Í skýrslunni skal koma fram kolmunnaafli skipsins sundurliðaður eftir afla innan fiskveiðilandhelgi Íslands, afla á alþjóðlegu hafsvæði og afla innan fiskveiðilandhelgi Færeyja.

## 9. gr.

Kolmunnaafli skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Þó er heimilt að fengnu leyfi Fiskistofu að landa kolmunnaafli til bræðslu í fiskimjölsverksmiðju í erlendri höfn, enda liggja fyrir að eftirlit með löndun og vigtun sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri senda Fiskistofu staðfest afrit af vigtarnótu. Um vigtun á kolmunna gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 522/1998, um vigtun sjávarafli með síðari breytingum.

## 10. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

## 11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hluta eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. mars 2004.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Kolbeinn Árnason.*

**REGLUGERÐ****um veiðar úr úthafskarfastofnum 2004.**

## 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til flotvörpuveiða íslenskra skipa úr úthafskarfastofnum á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC), utan þeirra svæða sem falla undir fiskveiðilögsögu samningsaðila og innan fiskveiðilandhelgi Grænlands, í samræmi við samning þjóðanna þess efnis. Ennfremur til úthafskarfaveiða fiskiskipa, sem leyfi hafa til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er þau stunda veiðar á úthafskarfa með flotvörpu utan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1.  $65^{\circ}20'N - 29^{\circ}45'V$  (við miðlínu milli Íslands og Grænlands).
2.  $63^{\circ}00'N - 26^{\circ}00'V$
3.  $62^{\circ}00'N - 27^{\circ}00'V$
4.  $60^{\circ}22'N - 24^{\circ}20'V$

Þá tekur reglugerðin til veiða á úthafskarfa sem veiddur er á svæðum 1f, 2g, 2h, 2j og 3k og reiknast aflinn til aflamarks viðkomandi skips, sbr. 2. mgr. 3. gr. Um þær veiðar gilda ákvæði reglugerðar nr. 1016, 30. desember 2003, um veiðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar, NAFO, 2004. Fiskistofu er heimilt að stöðva veiðar íslenskra skipa á ofangreindum svæðum þegar heildarafli skipa frá aðildarríkjum NEAFC nær 25.000 lestum.

## 2. gr.

Íslenskum fiskiskípum er óheimilt að stunda flotvörpuveiðar á úthafskarfa skv. 1. gr. án sérstaks leyfis Fiskistofu.

Aðeins er þeim íslenskum fiskiskípum heimilt að stunda veiðar á úthafskarfa í flotvörpu, sem hafa aflamark í úthafskarfa, sbr. 3. og 4. gr.

Þá er skipum, sem fengið hafa heimild til veiða úr aflamarki annarra aðildarríkja NEAFC en Íslands, óheimilt að hefja veiðar skv. slíkri heimild fyrr en Fiskistofu hefur borið yfirlýsing frá viðkomandi aðildarríki NEAFC um slíkan rétt skipsins til veiða á úthafskarfa. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu ákvæði 5. – 10. gr. gilda um þessar veiðar.



## 3. gr.

Á árinu 2004 er þeim íslensku fiskiskipum, sem leyfi fá til veiða á úthafskarfa með flotvörpu, sbr. 2. gr. heimilt að veiða 45.000 lestir af úthafskarfa á „deilisvæði“ innan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°20'N – 29°45'V
2. 63°00'N – 26°00'V
3. 62°00'N – 27°00'V
4. 60°22'N – 24°20'V
5. 60°14'N – 30°00'V
6. 62°55'N – 34°00'V

Þá er þeim íslensku fiskiskipum sem leyfi fá til veiða á úthafskarfa með flotvörpu á árinu 2004, sbr. 2. gr. heimilt að veiða 10.000 lestir af úthafskarfa á „deilisvæði“ utan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 60°22'N – 24°20'V
2. 60°14'N – 30°00'V
3. 62°55'N – 34°00'V
4. 65°20'N – 29°45'V

Heimilt er að veiða úthafskarfa sem fjallað er um í 1. mgr. 3. gr. á því svæði sem fjallað er um í 2. mgr. 3. gr.

Fiskistofa skal úthluta hverju skipi aflamarki í úthafskarfa á grundvelli aflahlutdeildar þess, annars vegar innan þess svæðis sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. og hins vegar innan þess svæðis sem skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. í þeim hlutföllum sem í 1. og 2. mgr. þessarar greinar segir.

## 4. gr.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark milli íslenskra fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum, sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Ákvæði 10. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, gilda ekki um aflamark sem úthlutað er í úthafskarfa samkvæmt þessari reglugerð.

## 5. gr.

Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar á samningssvæðinu sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrir en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga, sbr. 1. mgr., bilar, skal gert við hann við komu í næstu höfn. Þar til búnaðinum verður komið í lag, skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu skipsins á 6 klukkustunda fresti til Eftirlitsstöðvarinnar. Einnig skulu tilkynningar skv. 6. og 7. gr. innihalda upplýsingar um staðsetningu skipsins.

## 6. gr.

Við úthafskarfaveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 2. málslíð 1. gr., við úthafskarfaveiðar í fiskveiðilögsögu Grænlands og eftir því sem við á á alþjóðlegu hafsvæði, skal senda eftirgreindar tilkynningar til Eftirlitsstöðvarinnar:

**Komutilkynning:** Skylt er skipstjóra að tilkynna til Eftirlitsstöðvarinnar með mest 12 klukkustunda og minnst 6 klukkustunda fyrirvara að það fari inn á veiðisvæði sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. eða veiðisvæði sem skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „COE“ sem komutilkynning.
4. Kóði fyrir það deilissvæði sem fara á inn á: „UKS“ fyrir úthafskarfasvæðið skv. 1. mgr. 3. gr. eða „UKX“ fyrir úthafskarfasvæði samkv. 2. mgr. 3. gr.
5. Kóði fyrir það fiskveiðistjórnunarsvæði eða lögsögu sem verið er að fara inn á: „NEA“ fyrir samningssvæði NEAFC, „ISL“ fyrir íslenska lögsögu eða „GRL“ fyrir lögsögu Grænlands.
6. Kallmerki skipsins.
7. Nafn skipsins.
8. Skipaskrárnúmer.
9. Staðsetning skipsins í gráðum og heilum mínútum.
10. Áætlað heildaraflamagn um borð í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum, sbr. 3. gr.
11. Dagsetning og tími.

**Aflatilkynning:** Hvern mánudag skal tilkynna Eftirlitsstöðinni um heildarafla síðustu viku, þ.e. frá upphafi síðasta mánudags, til loka síðasta sunnudags, miðað við afla upp úr sjó, sundurgreindan eftir tegundum. Hafi skip verið skemur en viku á veiðisvæðinu skal gefa upp afla frá því skipið hóf veiðar á svæðinu. Ennfremur skal senda aflatilkynningu áður en farið er milli svæða, sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „CAT“ sem aflatilkynning.
4. Kóði fyrir það deilissvæði sem aflatilkynningin á við: „UKS“ fyrir úthafskarfasvæði skv. 1. mgr. 3. gr. „UKX“ fyrir úthafskarfasvæði samkv. 2. mgr. 3. gr.
5. Kóði fyrir það fiskveiðistjórnunarsvæði eða lögsögu sem aflinn er veiddur á: „NEA“ fyrir samningssvæði NEAFC, „ISL“ fyrir íslenska lögsögu eða „GRL“ fyrir lögsögu Grænlands.
6. Kallmerki skipsins.
7. Vikuafli í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum, sbr. 3. gr.
8. Fjöldi veiðidaga frá upphafi veiða, en frá síðustu aflatilkynningu hafi hún verið send.
9. Dagsetning og tími.

**Lokatilkynning:** Þegar veiðiskip yfirgefur svæðið sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. eða svæðið sem skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. skal það tilkynnt Eftirlitsstöðinni með mest 8 klukkustunda og minnst 6 klukkustunda fyrirvara.

Jafnframt skal í tilkynningu tilgreindur afli frá því að veiðar hófust, eða frá síðustu aflatilkynningu hafi hún verið send miðað við afla upp úr sjó, aðgreindan eftir tegundum og einnig löndunarhöfn. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „COX“ sem lokatilkynning.

4. Kóði fyrir það deilissvæði sem lokatilkynningin á við: „UKS“ fyrir úthafskarfasvæði skv. 1. mgr. 3. gr. „UKX“ fyrir úthafskarfasvæði samkv. 2. mgr. 3. gr.
5. Kóði fyrir það fiskveiðistjórnunarsvæði eða lögsögu sem verið er að fara út af: „NEA“ fyrir samningssvæði, „ISL“ fyrir íslenska lögsögu eða „GRL“ fyrir lögsögu Grænlands.
6. Kallmerki skipsins.
7. Vikuafl í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum, sbr. 3. gr.
8. Fjöldi veiðidaga frá upphafi veiða, en frá síðustu aflatilkynningu hafi hún verið send.
9. Löndunarhöfn (átælaður tími og dagsetning þar).
10. Dagsetning og tími.

## 7. gr.

Við úthafskarfaveiðar á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC), er skipstjórnur heimilt að senda eftirgreindar tilkynningar til Eftirlitsstöðvarinnar í stað tilkynninga skv. 6. gr. Í tilkynningum skv. þessari grein er skipstjórnur heimilt að senda komu- og lokatilkynningar með 1 klukkustundar fyrirvara, jafnframt þurfa skipstjórnar að senda daglegar aflatilkynningar á meðan á veiðum á samningssvæðinu stendur.

Eftirlitsskipum, sem stödd eru á svæðinu, er heimilt að óska eftir því að veiðiskip hefji ekki veiðar eða sigli ekki af svæðinu fyrr en að lokinni skoðun. Ef slík ósk berst er skipstjóra skylt að bíða eftir að skoðun fari fram, þó ekki lengur en 6 klukkustundir.

**Komutilkynning:** Skylt er skipstjóra að tilkynna til Eftirlitsstöðvarinnar með að minnsta kosti 1 klukkustundar fyrirvara áður en farið er inn á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „COE“ sem komutilkynning.
4. Kóði fyrir það deilissvæði sem fara á inn á: „UKS“ fyrir úthafskarfasvæðið skv. 1. mgr. 3. gr.
5. Kóði fyrir það fiskveiðistjórnunarsvæði eða lögsögu sem verið er að fara inn á: „NEA“ fyrir samningssvæði NEAFC.
6. Kallmerki skipsins.
7. Nafn skipsins.
8. Skipaskrárnúmer.
9. Staðsetning skipsins í gráðum og heilum mínútum.
10. Áætlað heildaraflamagn um borð í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum, sbr. 3. gr.
11. Dagsetning og tími.

**Aflatilkynning:** Daglega skal tilkynna Eftirlitsstöðinni um heildarafla síðasta sólarhrings, þ.e. frá kl. 00.00 til 24.00, miðað við afla upp úr sjó, sundurgreindan eftir tegundum. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „CAT“ sem aflatilkynning.
4. Kóði fyrir það deilissvæði sem aflatilkynningin á við: „UKS“ fyrir úthafskarfasvæði skv. 1. mgr. 3. gr.
5. Kóði fyrir það fiskveiðistjórnunarsvæði eða lögsögu sem aflinn er veiddur á: „NEA“ fyrir samningssvæði NEAFC

6. Kallmerki skipsins.
7. Afli í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum, sbr. 3. gr.
8. Fjöldi veiðidaga frá upphafi veiða, en frá síðustu aflatilkyningu hafi hún verið send.
9. Dagsetning og tími.

**Lokatilkyning:** Þegar veiðiskip yfirgefur samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) skal það tilkynnt Eftirlitsstöðinni með að minnsta kosti 1 klukkustundar fyrirvara. Jafnframt skal í tilkyningu tilgreindur afli frá því að veiðar hófust, eða frá síðustu aflatilkyningu hafi hún verið send miðað við afla upp úr sjó, aðgreindan eftir tegundum og einnig löndunarhöfn ef við á. Í tilkyningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „COX“ sem lokatilkyning.
4. Kóði fyrir það deilissvæði sem lokatilkyningin á við: „UKS“ fyrir úthafskarfasvæði skv. 1. mgr. 3. gr.
5. Kóði fyrir það fiskveiðistjórnunarsvæði eða lögsögu sem verið er að fara út af: „NEA“ fyrir samningssvæði NEAFC.
6. Kallmerki skipsins.
7. Afli í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum, sbr. 3. gr.
8. Fjöldi veiðidaga frá upphafi veiða, en frá síðustu aflatilkyningu hafi hún verið send.
9. Löndunarhöfn ef við á (áætlaður tími og dagsetning þar).
10. Dagsetning og tími.

#### 8. gr.

Tilkynningar skv. 6. og 7. gr. skulu sendar með þeim hætti er lýst er í viðaukum I og II við reglugerð nr. 447/1999, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC), með síðari breytingum.

Um tilkynningar við úthafskarfaveiðar á alþjóðlegu hafsvæði gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 447/1999, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC), með síðari breytingum.

#### 9. gr.

Skylt er að halda úthafskarfa aðgreindum frá öðrum karfa um borð í veiðiskipi og skal hann veginn og skráður sérstaklega við löndun.

Óheimilt er að nýta í sömu veiðiferð heimild til veiða skv. 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar og heimild til veiða skv. 3. mgr. 2. gr. hennar. Sé það gert eða ef afla er blandað saman, sbr. 1. málslíð þessarar málsgreinar, skal aflinn reiknaður til aflamarks sem úthlutað er skv. 1. mgr. 3. gr.

Skylt er að halda aðgreindum úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. og úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. og skal hann veginn og skráður sérstaklega við löndun. Sé úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. og úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. ekki haldið aðgreindum, sbr. 1. málslíð þessarar málsgreinar, skal aflinn reiknaður til aflamarks sem úthlutað er úr úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr.

Er afli reiknast til aflamarks skal miðað við 94% nýtingu sé úthafskarfa landað slægðum

með haus, 55% nýtingu sé úthafskarfa landað hausskornum, 30% nýtingu sé honum landað flökuðum með roði og beinum, 27% nýtingu sé honum landað flökuðum, roðlausum með beinum.

Þegar úthafskarfi er reiknaður til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0,50.

10. gr.

Skipstjóri skal, svo fljótt sem verða má eftir að veiðum lýkur og eigi síðar en 4 klukkustundum eftir að komið er til hafnar, senda Fiskistofu skýrslu um áætlaðan úthafskarfaafli í viðkomandi veiðiferð á því formi sem Fiskistofa ákveður. Í skýrslunni skal koma fram úthafskarfaafli skipsins miðað við afla upp úr sjó sundurliðaður eftir afla innan fiskveiðilandhelgi Íslands, afla á alþjóðlegu hafsvæði og afla innan fiskveiðilandhelgi Grænlands. Einnig skal koma fram hve mikill hluti aflans er fenginn á hvoru svæðinu skv. 1. og 2. mgr. 3. gr.

11. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. mars 2004.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Kolbeinn Árnason.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 39 – 2004

---

19. mars 2004

743

Nr. 272

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 270, 17. mars 2004,  
um togveiðar á kolmunna.**

1. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein er orðast svo: Þegar kolmunni er reiknaður til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0,05.

2. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. mars 2004.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Arndís Á. Steinþórsdóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 40 – 2004

Nr. 273

744

22. mars 2004

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík.

#### *Reitur 1.132.0, Norðurstígsreitur.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 20. janúar 2004, deiliskipulag fyrir Norðurstígsreit.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Laugardalur.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 6. janúar 2004, breytingu á deiliskipulagi fyrir Laugardal.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Skeifan – Fen.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 10. mars 2004, breytingu á deiliskipulagi fyrir Skeifuna – Fenin, vegna Faxafens 8.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Ellíðaárdalur.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 27. janúar 2004 og borgarstjórn þann 5. febrúar 2004, breytingu á deiliskipulagi fyrir Ellíðaárdal.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 22. mars 2004.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

**Helga Bragadóttir.**

## AUGLÝSING

### um framlengingu banns við innflutningi frá Bandaríkjunum Norður-Ameríku vegna hæsnapestar (Avian Influenza).

#### 1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá bandarískum dýrasjúkdóma- yfirvöldum um upprætingu á Avian Influenzu í Bandaríkjunum, sem er skæður fuglasjúk- dómur sem borist getur í menn og ekki hefur greinst á Íslandi, er bann það sem sett var 24. febrúar sl. við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Bandaríkjunum Norður-Ameríku, framlengt til föstudagsins 23. apríl 2004.

#### 2. gr.

1. gr. á þó ekki við um afurðir fugla sem slátrað var fyrir 27. janúar 2004.

#### 3. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

#### 4. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsingin er tilkynnt í samræmi við til- skipun nr. 98/34/ESB um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 23. apríl 2004.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 23. mars 2004.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Atli Már Ingólfsson.*



# STJÓRNARTÍÐINDI B 41 – 2004

Nr. 275

746

26. mars 2004

## AUGLÝSING

**um framlengingu banns við innflutningi frá Kína, Taílandi, Suður-Kóreu, Víetnam, Japan, Taívan, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.**

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá dýrasjúkdómayfirvöldum í viðkomandi löndum um upprætingu á Avian Influensu í Kína, Taílandi, S-Kóreu, Víetnam, Japan, Taívan, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong, en Avian Influensa er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og aldrei hefur greinst á Íslandi, er framlengt bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá ofangreindum löndum.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 30. apríl 2004.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 26. mars 2004.*

F. h. r.  
**Ólafur Friðriksson.**

*Atli Már Ingólfsson.*

## REGLUR

### um fjárhagsaðstoð Félagsþjónustunnar í Reykjavík.

#### I. KAFLI

##### Almenn atriði.

###### 1. gr.

###### *Inntak fjárhagsaðstoðar.*

Skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, sbr. og III. kafla reglna þessara.

Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, m.a. vegna heimilisstofnunar, náms eða óvæntra áfalla, sbr. IV. kafla reglna þessara.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, sbr. og 16. og 17. gr. þessara reglna.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, svo og skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um námsstyrki.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsmálanefndar, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

###### 2. gr.

###### *Framfærsluskylda.*

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Fólk sem er í skráðri sambúð í þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

###### 3. gr.

###### *Lækkun grunnfjárhæðar.*

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa eða hafnað starfsleitaráætlun, er Félagsþjónustunni heimilt að greiða hálfu grunnupphæð til framfærslu er tilgreind er í III. kafla reglna þessara þann mánuð sem hann hafnar vinnu, svo og mánuðinn þar á eftir.

Sama á við atvinnulausan umsækjanda sem ekki framvísar skráningarskrifteini eða dagpeningavottorði frá svæðisvinnumiðlun án viðhlítandi skýringa.

## 4. gr.

*Réttur fylgir lögheimili.*

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Þurfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þess. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn, sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

## 5. gr.

*Form fjárhagsaðstoðar.*

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð er einungis veitt sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna, sbr. 25. gr. og 27. gr. þessara reglna, sbr. og 22. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Lán eru vaxtalaus.

## 6. gr.

*Tímabil samþykkis hverju sinni.*

Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjú mánuði. Þegar umsækjandi fær jafnframt bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og ljóst er að aðstæður hans muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð í sex mánuði í senn. Aðstæður þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en sex mánuði skulu kannaðar sérstaklega, félagsleg ráðgjöf veitt í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og máli vísað til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna ef við á.

Í undantekningartilvikum er heimilt að veita fjárhagsaðstoð vikulega vegna sérstakra aðstæðna.

## 7. gr.

*Fjárhagsaðstoð aftur í tímann.*

Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn er lögð fram, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

## II. KAFLI

**Umsókn um fjárhagsaðstoð.**

## 8. gr.

*Umsókn og fylgigögn.*

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá borgarhlutaskrifstofum Félagsþjónustunnar, Vesturgarði og Miðgarði. Í neyðartilfellum er heimilt að leggja umsókn fram í dvalarsveitarfélagi, sbr. 4. gr.

Umsókn skal undirrituð á sérstök umsóknareyðublöð, þar sem fram komi upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri og nákvæmar upplýsingar um tekjur og eignir. Umsókn skal fylgja yfirlit yfir eignir og tekjur vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélaga, bönkum, sparissjóðum, lánastofnunum eða öðrum aðilum, barnabætur, mæðra- og feðralaun.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa skráningarskríteini frá vinnumiðlun er staðfestir atvinnuleysi hans. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann fram-

vísa dagpeningavottorði. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknavottorði. Hafi hann ekki skráð sig hjá vinnumiðlun, án viðhlítandi skýringa, missir hann hlutfallslegan rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil.

9. gr.

*Upplýsingar um tekjur og fjárhag umsækjanda.*

Félagsþjónustan getur, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, m.a. hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóði og lífeyrissjóðum, innlendum og erlendum. Skal það gert í samráði við umsækjanda.

Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka stöðvast afgreiðsla umsóknar hans.

Skylt er að veita Félagþjónustunni upplýsingar úr skattframtölum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar. Sama gildir um upplýsingar úr skattframtölum lögskylds framfæranda, enda hafi umsækjandi veitt Félagþjónustunni umboð til að afla þessara upplýsinga, sbr. 24. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

III. KAFLI

**Réttur til fjárhagsaðstoðar.**

**Mat á fjárþörf og útreikningur fjárhagsaðstoðar.**

10. gr.

*Mat á fjárþörf.*

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárþörf til framfærslu, sbr. 11. gr., lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur, sbr. 12. gr.

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar.

11. gr.

*Grunnfjárhæð.*

*Framfærsla barna ekki talin með.*

Fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri getur numið allt að 77.083 kr. á mánuði, hér eftir nefnd grunnfjárhæð.

Fjárhagsaðstoð til hjóna og fólks í skráðri sambúð getur numið allt að 123.333 kr. á mánuði (77.083 kr. x 1,6).

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á fjárþörf.

Fjárhæðir verða endurskoðaðar af félagsmálaráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

12. gr.

*Tekjur og eignir umsækjanda.*

Allar tekjur einstaklingsins/maka, í þeim mánuði sem sótt er um og mánuðinn á undan, aðrar en greiðslur vegna barna og húsaleigubætur/vaxtabætur, koma til frádráttar við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar. Mæðra- og feðralaun reiknast umsækjanda til tekna. Með tekjum er hér átt við allar tekjur einstaklings/maka sem ekki eru sérstaklega til framfærslu barna, þ.e. atvinnutekjur, allar skattskyldar tekjur TR, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s.frv. Eigi umsækjandi rétt á atvinnuleysisbótum, skal reikna atvinnuleysisbætur honum til tekna, hvort sem hann hefur stimplað sig eða ekki, nema

framvísað sé læknisvottorði. Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar sé gert ráð fyrir að kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum, barnabótaauka og meðlögum ef við á.

Húsaleigu- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnaðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsaleigubóta, en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambýlingur, eignir umfram íbúðarhúsnaði sem umsækjandi eða fjölskylda hans býr í og eina fjölskyldubifreið, eða hafi hann nýlega selt eignir sínar, skal honum vísað á lánaþyrngreiðslu banka og sparisjóða, þó að tekjur hans séu lægri en grunnfjárhæð.

### 13. gr.

#### *Greiðslur meðlags.*

Þegar tekjur umsækjanda eru við eða lægri en grunnfjárhæðin skal taka tillit til meðlagsgreiðslna með barni eða börnum sem umsækjandi hefur greitt með reglulega fram að þeim tíma að hann fær fjárhagsaðstoð. Hækkar fjárhagsaðstoðin sem nemur einu meðlagi eins og það er á hverjum tíma með hverju barni. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi staðið í skilum með meðlag a.m.k. undanfarna þrjá mánuði. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir.

### Sérákvæði.

#### 14. gr.

#### *Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum.*

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum, sem hafa/hefur lægri tekjur en sem nema grunnfjárhæð, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að viðkomandi hafi stöðvað atvinnurekstur sinn og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, sbr. og 4. mgr. 1. gr. reglna þessara.

Sé umsækjandi sjálfstætt starfandi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá vinnumiðlun og leiti að fullu starfi.

#### 15. gr.

#### *Námsmenn.*

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, njóta ekki réttar til fjárhagsaðstoðar. Aðrir námsmenn eiga ekki rétt til fjárhagsaðstoðar til framfærslu nema fullnægt sé skilyrðum 18. gr. um námsstyrki/lán vegna náms.

## IV. KAFLI

### Heimildir vegna sérstakra aðstæðna.

#### 16. gr.

#### *Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri.*

A. Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til foreldra, sem hafa haft tekjur undanfarna fjóra mánuði sem eru við eða lægri en grunnfjárhæðin. Um er að ræða aðstoð til að greiða fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, frístundaheimili, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tólmundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á sex mánaða fresti. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki 10.000 kr. á mánuði.

- B. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið eða fyrirbyggjandi starf á sviði barnaverndar, er heimilt að veita foreldrum styrk sem nemur heildarkostnaði eða hluta hans vegna daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíða, frístundaheimilis, sumardvalar, skólagjalda og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal liggja fyrir samkomulag um félagslega ráðgjöf. Ætíð skal vera um tímabundna samþykkt að ræða, sem sætir endurskoðun á þriggja mánaða fresti.
- C. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið eða fyrirbyggjandi starf á sviði barnaverndar, er heimilt að veita foreldrum fjárstyrk í tengslum við dvöl barns utan heimilis í sex mánuði eða skemur. Ávallt þarf að liggja fyrir samkomulag um félagslega ráðgjöf.
- D. Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Hér er átt við foreldra sem hafa haft tekjur á eða undir grunnfjárhæð undanfarna 12 mánuði eða lengur. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld.

## 17. gr.

*Námskostnaður barna í skóla fjarri heimabyggð.*

Ef sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið mæla með því, er heimilt að taka sérstakt tillit til námskostnaðar barna tekjulágra foreldra sem ekki geta sótt framhaldsskóla í heimabyggð. Við mat á fjárþörf skal taka mið af aðstæðum fjölskyldu, m.a. fjárhag hennar og fjarlægð skóla frá heimili. Skilyrði fyrir aðstoð vegna náms barna fjarri heimabyggð er, að sótt hafi verið um námsstyrk samkvæmt lögum um námsstyrki nr. 79/2003 og fjárþörf síðan metin að teknu tilliti til námsstyrksins.

## 18. gr.

*Námsstyrkir.*

Námsstyrki er heimilt að veita í eftirfarandi tilvikum og aðstoðin miðast við grunnfjárhæð ásamt almennum skólagjöldum, innritunarkostnaði og bókakostnaði:

- til einstaklinga 18–24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða,
- til einstæðra foreldra 18–24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og hafa haft atvinnutekjur undir 1.000.000 undanfarna tólf mánuði. Skilyrði er að umsækjandi hafi átt í félagslegum erfiðleikum,
- til einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir án bótaréttar eða þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur og hafa ekki lokið grunnnámi sem gefur rétt á námsláni.

Leggja þarf inn umsókn tveimur mánuðum áður en nám hefst.

Starfsmaður og námsmaður skulu gera með sér samkomulag um félagslega ráðgjöf þar sem fram kemur m.a. hvernig skuli staðið að skilum varðandi skólasókn, námsframvindu og/eða einkunnir. Einkunnum skal þó ætíð skilað í annarlök.

Miðað skal við að námið leiði til þess að nemandi geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Ákvarðanir um námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn og er heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu.

Meðlag sem umsækjandi kann að fá, reiknist honum til tekna.

## 19. gr.

*Aðstoð vegna barna og ungmenna.*

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar er gert ráð fyrir að kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum og meðlögum.

Ungu atvinnulausu fólki, á aldrinum 18-24 ára, sem býr hjá foreldri/foreldrum, sem hafa tekjur sem eru við mörk eða undir grunnfjárhæð, skal reiknast hálf grunnfjárhæð á mánuði, þ.e. kr. 39.542, eða mismun á þeirri upphæð og tekjum þeirra. Meðlag sem þau kunna að fá greitt reiknast sem tekjur.

Hafi einstaklingur, sem fellur undir ofangreint, forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð full grunnfjárhæð.

Unglingar, 18 ára og yngri, eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

#### 20. gr.

##### *Styrkur vegna húsbúnaðar.*

Fjárhagsaðstoð til kaupa á húsbúnaði er heimil í eftirfarandi tilvikum:

- a) til einstaklings, sem hefur lægri tekjur en sem nema grunnfjárhæð, er eignalaus og er að stofna heimili eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun,
- b) til ungs fólks á aldrinum 18–24 ára, sem er eignalaust, með tekjur við eða undir grunnfjárhæð, hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn,
- c) þegar rýma þarf íbúð af heilbrigðisástæðum.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 100.000 kr. nema þegar einstaklingur er að flytjast á sambýli, þá eru mörkin 50.000 kr.

Húsbúnaðarstyrkir greiðast einu sinni.

#### 21. gr.

##### *Greiðsla sérfræðiaðstoðar.*

- I. Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga til einstaklinga sem hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu samfleytt undanfarna 12 mánuði. Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 40.000 kr. á ári. Kostnaðaráætlun tannlækni skal fylgja með umsókn.
- II. Heimilt er að veita einstaklingum í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá félagsráðgjöfum, sálfræðingum og geðlæknum, ef það er liður í umfangsmeiri félagslegri aðstoð og fyrirsjáanlegt að eigi sé hægt að veita þjónustuna innan Félagsþjónustunnar eða á vegum heilbrigðisstofnana:
  - a) einstaklingum sem búa við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika,
  - b) einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi.Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 55.000 kr. á ári.

#### 22. gr.

##### *Útfararstyrkir.*

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið getur ekki staðið undir útför hins látna. Viðmiðunarmörk eru 160.000 kr.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk: Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna, launaseðlar og greiðslufirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum, staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks, tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

Heimilt er að veita foreldri eða foreldrum sem hafa tekjur á eða undir grunnfjárhæð fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar barns.

Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar.

23. gr.

*Áfallaaðstoð.*

Heimilt er að veita tekjulágum einstaklingum eða fjölskyldum með tekjur undir grunnfjárhæð eða á mörkum hennar, fjárhagsaðstoð vegna skyndilegs missis búslóðar eða annars eignamissis sem orðið hefur vegna bruna eða náttúruhamfara. Aðstoðin kemur einungis til álita þegar tjónþoli hefur ekki haft heimilistryggingu eða aðra tryggingu sem bætir tjónið.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 100.000 kr.

24. gr.

*Styrkur eða lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu og til tryggingar húsaleigu.*

Heimilt er að veita þeim sem hafa haft tekjur við eða undir grunnfjárhæð í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan lán eða styrk til fyrirframgreiðslu húsaleigu. Þinglýstur húsaleigusamningur skal liggja fyrir eða önnur staðfesting um að samningur eigi við rök að styðjast. Miða skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum markaði.

Heimilt er að veita styrk eða lán til greiðslu tryggingargjalds til Félagsbústaða vegna húsaleigu sem svarar tveggja mánaða leigu. Skilyrði er að viðkomandi hafi ekki aðgang að lánafyrirgreiðslu hjá bönkum eða lánastofnunum.

25. gr.

*Aðstoð vegna sérstakra erfiðleika.*

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki lán eða styrk vegna mikilla fjárhagslegra og félagslegra erfiðleika, að uppfylltum öllum neðangreindum skilyrðum:

- a) umsækjandi hafi haft tekjur á eða undir grunnfjárhæð undanfarna sex mánuði eða lengur,
- b) staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánafyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana,
- c) fyrir liggja yfirlit starfsmanns Félagsþjónustunnar eða Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna um fjárhagsstöðu umsækjanda og tillögur að úrbótum þegar við á,
- d) fyrir liggja á hvern hátt lán eða styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra þegar til lengri tíma er litið,
- e) fyrir liggja samkomulag um félagslega ráðgjöf og/eða fjármálaráðgjöf.

Þegar um lán er að ræða skal greiðsluáætlun fylgja með umsókn.

Eigi er heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skulda við banka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir, s.s. greiðslukortafyrirtæki. Þá er hvorki heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skattaskulda og sekta, né heldur til greiðslu skulda við einkaaðila.

26. gr.

*Sérstök fjárhagsaðstoð í desember.*

Veita skal þeim sem hafa fengið fulla fjárhagsaðstoð undangengna sex mánuði samfelld, sérstaka desemberuppbót sem nemur 25% af grunnfjárhæð.



## 27. gr.

*Um fjárhagsaðstoð sem veitt er í formi láns.*

Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð í formi láns er að fyrir liggja mat á endurgreiðslugetu umsækjanda. Aðeins skal veita lán þegar ljóst er að umsækjandi muni geta staðið í skilum með afborganir af því.

Eigi er heimilt að veita lán ef umsækjandi er með lán frá Félagsþjónustunni fyrir.

Hámark láns sem hægt er að samþykkja á borgarhlutaskrifstofu/Vesturgarði/Miðgarði er kr. 300.000. Hámarkslánstími sem hægt er að samþykkja á borgarhlutaskrifstofu/Vesturgarði/Miðgarði er sex ár. Umsóknum um hærra lán og lengri lánstíma skal vísa til félagsmálaráðs.

Skilyrði er að umsækjandi veiti skriflegt samþykki fyrir reglulegri skuldfærslu fyrir afborgunum lánsins af reikningi sínum.

## 28. gr.

*Styrkur til greiðslu kostnaðar vegna geymslu á búslóð.*

Heimilt er að veita styrk til greiðslu vegna geymslu á búslóð að hámarki kr. 100.000.

Skilyrði er að umsækjandi hafi haft tekjur á eða undir viðmiðunarmörkum grunnfjárhæðar síðastliðna 12 mánuði og hafi átt í miklum félagslegum erfiðleikum.

## V. KAFLI

**Málsmeðferð****sbr. ákvæði stjórnisýslulaga, nr. 37/1993, og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.**

## 29. gr.

*Könnun á aðstæðum.*

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef Félagsþjónustunni berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Félagsþjónustan skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

## 30. gr.

*Samvinna við umsækjanda.*

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

## 31. gr.

*Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum.*

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

## 32. gr.

*Leiðbeiningar til umsækjanda.*

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars

staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið Félagsþjónustunnar, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

## 33. gr.

*Niðurstaða og rökstuðningur synjunar.*

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

## 34. gr.

*Rangar eða villandi upplýsingar.*

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur Félagsþjónustan endurkafið viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

## 35. gr.

*Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum.*

Starfmenn Félagsþjónustunnar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar.

## 36. gr.

*Kynning á ákvörðun um fjárhagsaðstoð.*

Þar sem starfsmenn Félagsþjónustunnar hafa umboð til að taka ákvörðun um fjárhagsaðstoð skulu þeir kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að félagsmálaráð Reykjavíkurborgar fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur að öðru jöfnu fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til félagsmálaráðs frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálaráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun félagsmálaráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

## 37. gr.

*Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.*

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálaráðs til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálaráðs.

## 38. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem samþykktar voru af borgarráði 9. desember 2003 og breytt 10. febrúar 2004, að fengnum tillögum félagsmálaráðs, eru settar í samræmi við 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum. Þær tóku gildi 1. janúar 2004.

*Reykjavík, 10. febrúar 2004.*

Borgarstjórinn í Reykjavík,

**Þórolfur Árnason.**

# GJALDSKRÁ

## Geislavarna ríkisins fyrir árið 2004.

### 1. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna lögbundins eftirlits með geislatækjum og geislavirkum efnum í samræmi við 5. og 17. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir. Gjaldið skal vera sem hér segir:

	kr.
1. <i>Röntgentæki:</i>	
a) Föst röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – myndataka .....	36.000
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild .....	12.000
b) Föst röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – skygging .....	45.000
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild .....	15.000
c) Tölvusneiðmyndataeki .....	60.000
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild .....	36.000
d) Færanleg röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – myndataka .....	30.000
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild .....	9.000
e) Færanleg röntgentæki – til sjúkdómsgreiningar – skygging .....	36.000
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild .....	12.000
f) Tannröntgentæki .....	18.000
fyrir hvert tæki til viðbótar .....	7.500
g) Iðnaðarröntgentæki .....	30.000
fyrir hvert tæki til viðbótar .....	15.000
h) Dýralækningaröntgentæki .....	30.000
fyrir hvert tæki til viðbótar .....	9.000
i) Öryggisröntgentæki .....	21.000
fyrir hvert tæki til viðbótar .....	9.000
j) Röntgentæki til efnarannsóknna .....	18.000
fyrir hvert tæki til viðbótar .....	6.000
2. <i>Geislalækningataeki</i> .....	42.000
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild .....	12.000
3. <i>Geislavirk efni, opnar geislalindir:</i>	
Rannsóknastofa í flokki A .....	48.000
Rannsóknastofa í flokki B .....	36.000
Rannsóknastofa í flokki C .....	24.000
4. <i>Geislavirk efni, lokaðar geislalindir:</i>	
Nifteindalindir .....	30.000
fyrir hverja lind til viðbótar hjá sama aðila .....	12.000
Aðrar lokaðar geislalindir .....	24.000
fyrir hverja eins lind til viðbótar:	
4 eða færri til viðbótar á sama stað .....	7.500
fyrir hverja lind umfram 5 á sama stað .....	6.000
5. <i>Eftirlit með geislaálagi starfsfólks:</i>	
Filmumælingar, fyrir hverja filmu .....	500

### 2. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna mats á umsóknum um leyfi í samræmi við 7., 9. og 20. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir. Gjaldið skal vera sem hér segir:

1.	Vegna röntgentækja til sjúkdómsgreiningar:	kr.
a)	Leyfi vegna nýrra tækja .....	7.500
b)	Leyfi vegna breytinga á eldri búnaði .....	6.000
2.	Vegna iðnaðar-, öryggis- og efnarannsóknatækja: Leyfi vegna nýrra tækja og vegna breytinga .....	6.000
3.	Vegna lokaðra geislalinda:	
a)	Nifteindalindir .....	9.000
b)	Aðrar geislalindir .....	7.500
4.	Vegna opinna geislalinda:	
a)	Ný starfsemi:	
i.	Flokkur A .....	12.000
ii.	Flokkur B .....	9.000
iii.	Flokkur C .....	6.000
b)	Árleg endurnýjun:	
i.	Flokkur A .....	6.500
ii.	Flokkur B .....	6.000
iii.	Flokkur C .....	4.500

## 3. gr.

Geislavarnir ríkisins annast innheimtu eftirlits- og leyfisgjalda. Eftirlitsgjöld, önnur en vegna eftirlits með geislaálagi starfsfólks, falla í gjalddaga 15. dag næsta mánaðar eftir útgáfu eftirlitsskýrslu. Leyfisgjöld falla í gjalddaga 15. dag næsta mánaðar eftir útgáfu leyfis.

Eftirlitsgjöld vegna eftirlits með geislaálagi starfsfólks á árinu 2003 falla í gjalddaga 1. maí 2004.

## 4. gr.

Eigandi eða ábyrgðarmaður getur óskað eftir aukaeftirliti og skal þá greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða.

Purfi Geislavarnir ríkisins að endurtaka eftirlit vegna athugasemda sem gerðar voru við reglubundið eftirlit skal greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða.

## 5. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald sem nemur 6.000 kr./klst. fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða hún tekur að sér samkvæmt lögum og reglugerðum.

## 6. gr.

Eftirlits- og leyfisgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

## 7. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 15.300. Fyrir hverja yfirlýsingu um geislavirkni sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 2.600.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 19. gr. laga nr. 44/2002 um Geislavarnir ríkisins, staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 2004 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. mars 2004.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Thorvaldsens-sjóðinn,  
styrktarsjóð til málefna sykursjúkra barna og unglunga.**

1. gr.

*Nafn, heimili og varnarþing.*

Sjóðurinn heitir „Thorvaldsens-sjóðurinn, styrktarsjóður til málefna sykursjúkra barna og unglunga“. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

*Tilgangur og markmið sjóðsins.*

Tilgangur og markmið sjóðsins er að styðja og efla hverja þá starfsemi sem lýtur að málefnum sykursjúkra barna og unglunga, m.a. með eftirfarandi:

- a) Styrkjum til fræðslustarfsemi, m.a. til útgáfu og þýðinga á fræðsluefni. Styrkja gerð heimasíðu göngudeildar, sem mun innihalda fróðleik og upplýsingar um nýjungar og framfarir í rannsóknum á sykursýki barna.
- b) Styrkjum til sérstakra rannsókna og þróunaraðferða er lúta að meðferð, hjúkrun og lækningu sykursýki hjá börnum og unglungum.
- c) Styrkjum til að auka þekkingu og símenntun fagfólks, svo sem með námskeiðum, ráðstefnu- og fundahöldum, heimsóknum erlendra sem innlendra fræðimanna o.s.frv.
- d) Styrkjum til endurnýjunar og viðhalds tækjabúnaðar sem getur komið að notum við greiningu og eftirlit með sykursjúkum börnum og unglungum, og til framkvæmda sem gætu bætt aðstöðu fyrir sykursjúk börn og unglunga, og foreldra þeirra, á göngudeild og legudeildum.
- e) Styrkjum til annarra verkefna skv. ákvörðun sjóðstjórnar í þágu umönnunar, meðferðar og lækningar á sykursjúkum börnum og unglungum, svo fremi verkefni sé í anda skipulagsskrár þessarar að mati sjóðstjórnar.
- f) Styrkjum til fræðslu, og félagsstarfa stuðningsfélaga á borð við foreldrafélag sykursjúkra barna og unglunga, m.a. til sumarbúðastarfsemi og annarra sem vilja starfa að málefnum sykursjúkra barna og unglunga.

Um styrk úr sjóðnum geta sótt allir sem starfa með einum eða öðrum hætti að málefnum sykursjúkra barna og unglunga.

## 3. gr.

*Stjórn sjóðsins.*

Fyrstu stjórn sjóðsins skipa þrír aðilar; yfirlæknir göngudeildar sykursjúkra barna og unglunga, sem jafnframt skal vera formaður, deildarstjóri legudeilda lyflækninga á Barnaspítalanum og einn fulltrúi frá Thorvaldsensfélaginu.

Falli stjórnarmaður frá, eða óski stjórnarmaður eftir því að verða leystur frá störfum, skulu þeir sem eftir sitja í stjórn velja stjórnarmann í hans stað, með vísan til 1. mgr. Reiknað er með að stjórn sé skipuð einum aðila frá Thorvaldsensfélaginu og tveimur stjórnarmeðlimum sem hafi faglega forystu í umönnun og eftirliti sykursjúkra barna á Barnaspítalanum.

Formaður boðar til stjórnarfunda, og skal stjórn koma saman a.m.k. tvisvar á ári. Til stjórnarfunda skal boðað með sannanlegum hætti. Öll störf stjórnarmanna í þágu stjórnar sjóðsins skulu unnin endurgjaldslaust fyrir sjóðinn.

Stjórn sjóðsins skal halda fundargerðabók, þar sem skrá skal allar ákvarðanir stjórnar, þ.m.t. varðandi allar úthlutanir úr sjóðnum.

## 4. gr.

*Stofnfé og tekjur sjóðsins.*

Stofnfé sjóðsins er kr. 10.000.000 sem er gjöf frá Thorvaldsensfélaginu. Aðrar tekjur sjóðsins skulu vera frjáls framlög félagasamtaka, fyrirtækja eða einstaklinga, auk fjármagnstekna af eignum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er óheimilt að stofna til skuldbindinga umfram eignir sjóðsins, og að jafnaði skal gert ráð fyrir því að eiginfjárstaða sé jákvæð um a.m.k. kr. 100.000.

Miðað er við að framlög til sjóðsins séu frádráttarbær frá tekjuskatti, með vísan til ákvæða laga nr. 90/2003 um tekju- og eignarskatt.

## 5. gr.

*Úthlutanir úr sjóðnum.*

Stjórn sjóðsins skal taka við umsóknum um styrki og annast úthlutun úr sjóðnum þegar þurfa þykir, og meta það hvernig tilgangi og markmiðum sjóðsins verði best náð. Ekki skulu vera formreglur á umsóknum um styrki úr sjóðnum aðrar en að þær skulu vera skriflegar, og skal stjórn sjóðsins meta eftir atvikum efnislegt innihald styrkumsókna.

Samþykki allra stjórnarmanna þarf til úthlutunar styrkja skv. 2. gr. sem nema hærri fjárhæð en kr. 500.000, en að öðru leyti ræður ákvörðun meirihluta.

## 6. gr.

*Umsýsla sjóðsins.*

Stjórn sjóðsins skal annast vörslu fjár sjóðsins og velja ávöxtunarleiðir. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

Skal Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert sent afrit af ársuppgjöri sjóðsins fyrir næstliðið ár, þ.m.t. ársreikningi og upplýsingar um úthlutanir úr sjóðnum á reikningsárinu. Jafnframt skal senda upplýsingar um það hverjir skipi stjórn sjóðsins hverju sinni.

## 7. gr.

*Ýmis ákvæði.*

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, með einróma samþykki allra stjórnarmanna. Megintilgangi sjóðsins skv. 2. grein má þó aldrei breyta, en heimilt er að gera breytingar til aðlögunar til samræmis við breyttar þarfir eða umhverfi sykursjúkra barna og unglunga.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir sjóðsins renna til starfsemi í þágu málefna sykursjúkra barna og unglinga á Barnaspítala, eða sambærilegrar stofnunar skv. ákvörðum sjóðstjórnar.

Að öðru leyti en að framan greinir skal skipulagsskrá þessi vera til samræmis við lög nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, með síðari breytingum.

Þannig samþykkt á stofnfundi sjóðsins.

Reykjavík, 29. nóvember 2003.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. mars 2004.*

F. h. r.

**Drífa Pálsdóttir.**

*Bryndís Helgadóttir.*

## SAMÞYKKT

### um hunda- og kattahald í Austurbyggð.

#### I. KAFLI

#### **Hundahald.**

##### 1. gr.

Hundahald er bannað í Austurbyggð.

##### 2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í sveitarfélaginu, undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang einstaklingsins og óheimilt er að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann hund sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni.

Undanþágur má veita með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða parhús eða raðhús skal fylgja umsókn skriflegt samþykki eigenda aðliggjandi íbúða. Í fjölbýlishúsi með sérstökum inngangi fyrir hverja íbúð skal fylgja skriflegt leyfi allra íbúðareigenda. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um fjöleignarhús nr. 26/1994.
- b) Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða árlega til sveitarjóðs eftir gjaldskrá sem sveitarstjórn setur samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd

eftirlits með einstökum þáttum. Heimilt er sveitarstjórn að fella niður eða ákveða lægra gjald fyrir nytjahunda, t.d. hunda sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa og minkahunda. Af leiðsöguhundum sem blindir eða sjóndaprir nota vegna fötlunar sinnar skal ekki greiða gjald. Gjaldið skal greitt fyrirfram í fyrsta sinn við skráningu hunds til næstkomandi júlímánaðar og síðan árlega 1. júlí fyrir eitt ár í senn. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.

- c) Við greiðslu gjalds samkvæmt staflíð b ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis um að hundurinn hafi verið hreinsaður af bandormum og spóluormum. Hundar skulu færðir til hreinsunar í nóvember til desember ár hvert eftir nánar auglýstum tíma. Mæti eigandi ekki með hund sinn til árlegrar hreinsunar á boðuðum tíma, ber hann sjálfur kostnað sem af því kann að leiða.
- d) Leyfishafi skal hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingafyrirtæki. Váttrygging skal ná til alls þess tjóns sem dýr hans kann að valda á mönnum og munum. Lágmarkstryggingarupphæð verði kr. 10.000.000 (tíu milljónir). Ábyrgðartrygging er innifalin í greiðslu árlegs leyfisgjalds.
- e) Hundurinn skal ávallt bera ól um hálsinn. Á ólinni skal vera plata, sem í er greypt skráningarnúmer hundsins.
- f) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa innan marka þéttbýlis nema nytjahunda þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns. Hundar skulu annars ávallt vera í taumi utanhúss og í fylgd manneskju sem hefur fullt vald yfir þeim. Þegar hundur er í festi á lóð skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga að aðaldyrum hússins. Hundeiganda er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.
- g) Leyfishafa ber að sjá svo um að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna.
- h) Ekki má hleypa hundum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Um matvælafyrirtæki fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Ekki má heldur hleypa hundum inn í húsnæði vatnsveitna sbr. reglugerðir um neysluvatn og ölkelduvatn.

Framangreindir staðir eru m.a. eftirfarandi:

1. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunnar og sjóveitur.
  2. Almennings- og útisalerni.
  3. Hvers konar sorpgeymslu- og sorpförgunarstaðir.
  4. Gististaðir, veitingastaðir og matsölustaðir.
  5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema skv. ákvörðun umsjónaraðila.
  6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
  7. Skólar, kennslustaðir, barnaheimili og gæsluvellir.
  8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur.
  9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaðir.
  10. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinnna manna.
  11. Samkomuhús hvers konar og almennar skrifstofur.
  12. Kirkjugarðar, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
  13. Almenn samgöngutæki.
- i) Bannað er að fara með hunda á almennar útisamkomur.
  - j) Ákvæði staflíða h og i hér að framan gilda ekki um nytjahunda að störfum.



- k) Óheimilt er að láta hund dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.
- l) Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo hunda eldri en þriggja mánaða á sama heimilinu.

### 3. gr.

Umsóknum um leyfi til hundahalds skal skila til sveitarstjórnar eða fulltrúa hennar á þar til gerðum eyðublöðum. Með undirritun umsóknar skuldbindi umsækjandi sig til að hlíta í einu og öllu fyrir mælum samþykktar um hundahald. Sveitarstjórn veitir eða synjar umbeðnu leyfi að fenginni umsögn dýraeftirlitsmanns. Leyfishafi fær afhenta plötu sbr. ákvæði e-liðar í 2. gr. Sé leyfis ekki vitjað mánuði eftir að það er veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi.

### 4. gr.

Hunda sem ganga lausir utan húss í þéttbýli skal handsama og færa í sérstaka geymslu á vegum sveitarfélagsins. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega. Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum. Hunda sem ráðast á menn eða skepnur og bita skal fjarlægja og er lögreglu og dýraeftirlitsmanni heimilt að lóga þeim þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda ef leyfi er framvísað innan 7 daga frá því að hundurinn er kominn í vörslu dýraeftirlitsmanns enda verði áfallinn kostnaður greiddur áður en það er gert. Að öðrum kosti ber að aflífa hundinn, enda hafi eiganda verið tilkynnt um töku hundsins, ef unnt er.

## II. KAFLI

### Kattahald.

#### 5. gr.

Kattahald er bannað í Austurbyggð.

#### 6. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í sveitarfélaginu, undanþágu frá 5. gr. og leyfi til kattahalds. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang einstaklings og óheimilt er að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni.

Undanþágur má veita með eftirfarandi skilyrðum í þéttbýli:

- a) Ef sótt er um leyfi til að halda kött í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða parhús eða raðhús skal fylgja umsókn skriflegt samþykki eigenda aðliggjandi íbúða. Í fjölbýlishúsi með sérinnangi fyrir hverja íbúð skal fylgja leyfi allra íbúðareigenda.
- b) Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða árlega til sveitarsjóðs eftir gjaldskrá sem sveitarstjórn setur samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjaldið skal greitt fyrirfram í fyrsta sinn við skráningu til næstkomandi júlímánaðar og síðan árlega 1. júlí fyrir eitt ár í senn. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjaldþaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
- c) Árlega ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum svo og öðrum skilríkjum sem máli skipta.

- d) Leyfishafi skal hafa kött sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingafyrirtæki. Váttrygging skal ná til alls þess tjóns sem dýr hans kann að valda á mönnum og munum. Lágmarkstryggingarupphæð verði kr. 10.000.000 (tíu milljónir). Ábyrgðartrygging er innifalin í greiðslu árlegs leyfisgjalds.
- e) Kötturinn skal ávallt bera ól um hálsinn. Á ólinni skal vera plata, sem í er greypt skráningarnúmer dýrsins.
- f) Leyfishafa ber að sjá svo um að köttur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna.
- g) Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir hann.
- h) Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimilinu.
- i) Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma og eftir atvikum takmarka útiveru katta m.a. að næturlagi.
- j) Ekki má hleypa köttum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Um matvælafyrirtæki fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Ekki má heldur hleypa köttum inn í húsnæði vatnsveitna sbr. reglugerðir um neysluvatn og ölkelduvatn.
- k) Leyfishafa ber að hafa sérstakan sandkassa fyrir köttinn á sinni lóð.

#### 7. gr.

Umsóknnum um leyfi til kattahalds skal skila inn til sveitarstjórnar eða fulltrúa hennar á þar til gerðum eyðublöðum. Með undirritun umsóknar skuldbindi umsækjandi sig til að hlíta í einu og öllu fyrirmælum samþykktar um kattahald. Sveitarstjóri veitir eða synjar umbeðnu leyfi að fenginni umsögn dýraeftirlitsmanns. Leyfishafi fær afhenta plötu, sbr. ákvæði e-liðar 2. mgr. 6. gr. Sé leyfis ekki vitjað mánuði eftir að það er veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi.

#### 8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að láta lóga ómerktum köttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti með a.m.k. sjö sólarhringa fyrirvara.

#### 9. gr.

Sé kvartað undan ágangi katta í íbúðahverfum er meindýraeyði heimilt að veiða í búr og lóga ómerktum flækingsköttum án þess að það sé auglýst sérstaklega.

### III. KAFLI

#### Eftirlit o.fl.

#### 10. gr.

Dýraeftirlitsmaður skal vera starfandi í Austurbyggð og setur sveitarstjórn honum starfsreglur. Skal hann gefa sveitarstjóra eða fulltrúa hans, sem með þessi mál fer, skriflega skýrslu um þau dýr sem hann þarf að hafa afskipti af.

Á skrifstofu sveitarfélagsins skal færa upplýsingar um leyfð dýr í þar til gerða bók. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Dýraeftirlitsmaður skal árlega senda heilbrigðisnefnd skrá yfir leyfða hunda og ketti.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með samþykkt þessari.

Dýraeftirlitsmaður starfar í umboði heilbrigðisnefndar og hefur eftirlit með hundahaldi og kattahaldi í Austurbyggð og nýtur til þess fulltingis lögreglu.

## 11. gr.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal eigandi dýrsins sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað eða meiriháttar brot er að ræða gegn ákvæðum þessarar samþykktar eða öðrum reglum sem um hundahald og kattahald gilda getur sveitarstjórn afturkallað leyfið. Skal leyfishafi þá afhenda dýrið dýraeftirlitsmanni eða lögreglu til ráðstöfunar. Einnig getur sveitarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds og kattahalds telji hún þess brýna þörf.

Leyfishafa ber ætíð að greiða kostnað sem leiðir af broti á samþykkt þessari.

## 12. gr.

Sinni leyfishafi samkvæmt samþykktum þessum ekki skriflegri áminningu eða brjóti endurtekið af sér er heilbrigðisnefnd heimilt að beita hann dagsektum þar til úr er bætt eða beita þvingunarúrræðum í samræmi við ákvæði VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Leyfishafa ber ætíð að greiða kostnað er til fellur vegna brota hans á samþykkt þessari.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 13. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar í stað. Um leið falla úr gildi eldri samþykktir um hundahald í Stöðvarheppi og samþykkt nr. 541/1999 um hunda- og kattahald í Búðahreppi.

*Umhverfissráðuneytinu, 18. mars 2004.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bessastaðahreppi.

*Breiðamýri og norðanvert Sviðholt.*

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 16. mars 2004 breytingu á deiliskipulagi við Breiðamýri og á norðanverðu Sviðholti í Bessastaðahreppi.

Breytingin nær til götunnar Asparholts. Í skipulagstillögunni er íbúðum í rað- og fjölbýlishúsum fjölgað frá gildandi deiliskipulagi. Einnig breytast byggingarreitir og húsfarm. Fjölbýlishús verða fullra þriggja hæða og raðhús fullra tveggja hæða.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Bessastaðahreppi, 20. mars 2004.*

**Gunnar Valur Gíslason** sveitarstjóri.

# SAMÞYKKT

## um hundahald í Þingeyjarsveit.

### 1. gr.

Alla hunda í Þingeyjarsveit er skylt að skrá. Einstaklingum búsettum í sveitarfélaginu, öðrum en ábúendum lögbýla, er óheimilt að halda hunda nema með sérstöku leyfi sveitarstjórnar og að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í samþykkt þessari. Eigendur þarfahunda eru undanþegnir gjaldtöku, nema vegna hundahreinsunar, en að öðru leyti skulu þeir hlíta ákvæðum samþykktar þessarar eftir því sem við á. Þarfahundar eru t.d. smalahundar á lögbýlum, veiðihundar fyrir mink og ref, hundar haldnir vegna fötlunar eiganda og björgunarhundar.

### 2. gr.

Leyfi til hundahalds er bundið nafni og heimili lögráða einstaklinga og er leyfið ekki framseljanlegt. Skráning fer fram á skrifstofu Þingeyjarsveitar og skulu allir hundar skráðir þannig að eftirfarandi upplýsingar um hvern hund komi fram:

- a. Nafn.
- b. Tegund.
- c. Kyn.
- d. Aldur.
- e. Litur.
- f. Önnur útlitseinkenni.

Eiganda hundsins er við skráninguna afhent merkt plata sem hundurinn skal ávallt bera í ól um háls sér. Ekki er þó skylt að skrá hunda fyrr en þeir hafa náð þriggja mánaða aldri. Sé sótt um leyfi vegna hunds í fjölbýlishúsi – sem er hvert hús þar sem eru fleiri en ein íbúð – skal skriflegt samþykki annarra húsráðenda fylgja umsókn. Húsráðendur geta skriflega afturkallað samþykki sitt ef málefnalegar ástæður liggja þar til grundvallar að mati sveitarstjórnar. Við afturköllun samþykkis fær hund eigandi hæfilegan frest til að finna hundinum annan samastað, þó aldrei lengri en tvo mánuði frá dagsetningu afturköllunarinnar. Hund eiganda er skylt að hafa hund sinn ábyrgðartrygðan hjá viðurkenndu tryggingafélagi.

### 3. gr.

Leyfishafar skulu fylgja eftirfarandi reglum:

- a. Hundurinn skal ekki ganga laus á almannafæri.
- b. Hund eigandi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna. Eiganda er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.
- c. Óheimilt er að fara með hund inn í verslanir, þjónustustofnanir, sjúkrahús, skólahús-næði, dagvistanir og dvalarheimili, hvers konar, félagsheimili, kvikmyndahús, sundlaugar og önnur íþróttahús, hótél og gististaði.
- d. Bannað er að fara með hund inn á skipulögð leiksvæði barna.
- e. Leyfishafar skulu árlega færa hunda sína til skoðunar og hreinsunar hjá dýralækni.
- f. Leyfishafar skulu framvísa ef þess er krafist af sveitarstjóra, kvittun fyrir ábyrgðartryggingu. Einnig vottorði um hreinsun og skoðun, hafi það ekki verið gert af dýralækni á fyrirfram auglýstum hundahreinsunardögum á vegum sveitarfélagsins.

### 4. gr.

Árlega skal sveitarsjóði greitt gjald fyrir þá hunda sem leyfi er veitt fyrir, samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og meng-

unarvarnir að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Gjald þetta miðast við kostnað við framkvæmd þessarar samþykktar.

5. gr.

Við brot á samþykkt þessari skal veita umráðamanni hunds viðvörðun og gera honum ljóst að endurtekin brot varða sviptingu leyfis. Við þriðja brot er leyfið fellt úr gildi. Leita má aðstoðar lögreglu þegar þörf krefur vegna brota á samþykkt þessari. Hunda sem ganga lausir má handsama og færa í geymslu. Sama gildir um hættulega hunda og óskráða. Tilkynna skal eigendum um töku (merktra) hunda svo fljótt sem unnt er. Teljist hundur hættulegur að mati dýralæknis og/eða eftirlitsmanns er heimilt að lóga hundinum þegar í stað. Aðra hunda má afhenda gegn áföllnum kostnaði, sé leyfi framvísað innan 7 daga frá því að hundur var tekinn í vörslu. Heimilt er að lóga hundinum að þeim fresti liðnum enda hafi eiganda verið gert það ljóst við tilkynningu um töku hundsins. Sama gildir um hunda sem teknir hafa verið og eigandi er óþekktur eða til hans næst ekki. Að öðru leyti fer um brot á samþykkt þessari samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Samþykkt þessi sem samin er af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og samþykkt af heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 18. mars 2004.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## SAMÞYKKT

### um hundahald á Akranesi.

1. gr.

Hundahald er bannað í bænum að undanteknum leiðsöguhundum til hjálpar blindu fólki og leitarhundum til aðstoðar björgunarsveitum.

2. gr.

Bæjarstjórn er þó heimilt að veita einstaklingum búsettum í bænum undanþágu til hundahalds að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Hundurinn skal skráður á skrifstofu bæjarins. Þar fær eigandi afhenta merкта plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins. Á plötuna skal grafið Akr. og númer auk símanúmers eiganda hundsins. Einnig skal festa við ólina merki sem sýnir að leyfisgjald sé greitt og hundur hreinsaður. Upplýsingar um hundinn skulu færðar í þar til gerða bók hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands. Þar skal skráð nafn, kennitala og heimilisfang leyfshafa ásamt upplýsingum um hundinn s.s. aldur, kyn, litur, tegund og önnur einkenni. Hundaeiganda ber að tilkynna um aðsetursskipti. Einnig skal tilkynna eftirlitinu ef hund-

urinn deyr eða er fluttur úr lögsagnarumdæminu. Hvolpar skulu skráðir fyrir 6 mánaða aldur.

2. Við skráningu skal hundaeigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar eins og hún er nú eða kann síðar að verða. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings og óheimilt að framselja það.
3. Akraneskaupstaður ábyrgðartryggir alla skráða hunda, sem greitt er leyfisgjald af. Þeir hundaeigendur sem undanþegnir eru leyfisgjaldi samkvæmt tölulíð 7, ábyrgðarbyggja hunda sína hjá viðurkenndu tryggingafélagi. Við hundahreinsun skulu hundaeigendur sem undanþegnir eru gjaldi leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýnir að trygging sé í fullu gildi og greiða tilskilin kostnað við hreinsunina.
4. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Hundaeigandi skal gæta þess að hundur hans valdi ekki hættu eða raski ró manna eða verði mönnum til óþæginda á neinn annan hátt. Skilyrði fyrir hundahaldi í fjöleignarhúsum, er að allir íbúðareigendur samþykki og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hundsins, sbr. lög um fjöleignarhús nr. 26/1994. Þá er umráðamönnum alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn. Eigi er leyflegt að hafa með sér hunda þó í taumi séu inn á þá staði sem um ræðir í fylgiskjali 3 í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, en þeir eru eftirfarandi:

- Heilbrigðis- og meðferðarstofnanir.
- Skólar.
- Lækna- og tannlæknastofur.
- Sjúkrahús og aðgerðarstofur.
- Vistarverur handtekinna manna.
- Heilsuræktarstöðvar.
- Íþróttastöðvar og íþróttahús.
- Gæsluvellir.
- Snyrtistofur.
- Nuddstofur og sjúkraþjálfun.
- Sólbáðsstofur og húðflúrstofur.
- Samkomuhús s.s. kirkjur, leikhús, hljómleikasalir, söfn og kvikmyndahús.
- Gisti- og veitingastaðir.
- Sumarbúðir fyrir börn.

Einnig er bannað að hafa með sér hund á þá staði sem slíkt er bannað sérstaklega með merkingu. Heimilt er þó að fara með gæludýr inn í íþróttamannvirki, heilbrigðisstofnanir, snyrtistofur og aðra starfsemi sem sérstaklega er ætluð dýrum.

5. Hundaeigendum er skylt að sjá svo um að hundar þeirra raski eigi ró manna né verði þeim til óþæginda.
6. Til að standa straum af kostnaði bæjarsjóðs við skráningu og eftirlit með hundum, skal árlega greiða leyfisgjald til bæjarsjóðs fyrir þá hunda sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 15. febrúar og eindaga 15. mars. Hafi gjaldið eigi verið greitt innan tveggja mánaða frá eindaga fellur leyfið úr gildi. Bæjarstjórn ákveður árlega upphæð gjaldsins í sérstakri gjaldskrá, sem auglýst er í B-deild Stjórnartíðinda.
7. Við greiðslu gjalds þessa ber hundaeiganda að sýna vottorð dýralæknis um að hundur sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi og hafi verið hreinsaður af bandormum svo og önnur skilríki er máli skipta samkvæmt lögum þar að lútandi og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd Vesturlands setur varðandi hunda. Hundar, sem blindir menn og öryrkjar þurfa á

að halda vegna fötlunar sinnar svo og leitarhundar, eru undanþegnir leyfisgjaldi, en eru að öðru leyti háðir ákvæðum 2. gr.

8. Eiganda eða umráðamanni hunds er skylt að láta ormahreinsa hund sinn árlega. Skylt er að ormahreinsa alla hunda fjögurra mánaða og eldri.

3. gr.

Við minni háttar brot á samþykkt þessari skal hlutaðeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um alvarlegt brot eða ítrekað er að ræða, skal afturkalla viðkomandi undanþágu til hundahalds.

4. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni og ómerktir eru, svo og aðrir ómerktir flækingshundar, skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram eða vitji hans innan sjö sólarhringa, hefur eftirlitsmaður og lögreglan heimild til þess að ráðstafa eða fá dýralækni til að lóga viðkomandi hundi þegar í stað. Merktir hundar á flækingsi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigandi vitjar hans eigi innan sjö sólarhringa og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur lögreglan heimild til að lóga hundinum án frekari fyrirvara. Leyfi til viðkomandi eiganda skal þá falla úr gildi og eigi endurnýjast.

5. gr.

Hættulega og óleyfilega hunda og þá hunda sem ganga lausir utanhúss skal handsama og færa í þar til gerða hundageymslu. Allan kostnað er til fellur vegna fæðis og auglýsinga skal eigandi greiða. Tilkynna skal strax eiganda um handsömun þeirra. Sé um handsömun á ómerktum hundi að ræða, skal strax auglýsa handsömun hans á tryggilegan hátt t.d. í útvarpi.

6. gr.

Hundaftirlitsmaður starfar á Akranesi í umboði heilbrigðisnefndar. Skal hann gefa bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd árlega skýrslu um hundahald og starf sitt vegna þess. Hundaftirlitsmaður skal eftir því sem tilefni er til hafa samráð við Félag hundaeigenda á Akranesi um það hvernig haga skuli eftirlitinu og varðandi önnur þau atriði sem varða hundahald á Akranesi.

7. gr.

Heilbrigðisnefnd og lögreglustjóri hafa eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar og skulu þeir tilkynna bæjarstjórn án tafar um allar kærur sem þeim berast vegna brota á samþykktinni. Með brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

8. gr.

Samþykkt þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Akraness staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 229/1996 um hundahald á Akranesi.

*Umhverfissráðuneytinu, 18. mars 2004.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á frístundahússlóðum í landi Hofstaða, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirlitað af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 17. mars 2004.*

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

**Sigurður P. Harðarson.**

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Aðaldælahreppi.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Aðaldælahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir	kr.	8.000
Sumarbústaðir	kr.	3.200
Fyrirtæki í flokki 1	kr.	13.400
Fyrirtæki í flokki 2	kr.	26.700
Fyrirtæki í flokki 3	kr.	32.000

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir umfangi starfsemi þeirra.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og samþykkt af sveitarstjórn Aðaldælahrepps á fundi hennar 2. desember 2003.

Gjaldskráin tekur þegar gildi.

*Aðaldal, 17. mars 2004.*

**Ólína Arnkelsdóttir** oddviti.



## GJALDSKRÁ

### fyrir losun á seyru úr rotþróum í Aðaldælahreppi.

#### 1. gr.

Árlegt gjald vegna losunar á seyru skal vera eftirfarandi:

A. Rotþró allt að 1800 lítra kr. 4.000.

B. Rotþró allt að 3500 lítra kr. 5.000.

C. Rotþró allt að 6000 lítra kr. 6.700.

D. Rotþró allt að 9000 lítra kr. 7.000.

Þar sem fleiri en eitt hús eru um hverja rotþró skal skipta gjaldinu jafnt á milli þeirra.

#### 2. gr.

Að jafnaði skal tæma rotþrær annað til þriðja hvert ár.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

#### 3. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem er sett skv. samþykkt um hreinsun og losun rotþróa á starfs-svæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbæ, nr. 671/2003, var samþykkt af sveitarstjórn Aðaldælahrepps 13. janúar 2004 og öðlast þegar gildi.

*Aðaldal, 17. mars 2004.*

**Ólína Arnkelsdóttir** oddviti.

## GJALDSKRÁ

### fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Grindavík.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar er heimilt, í samræmi við 16. gr. samþykktar um rotþrær í Grindavík nr. 192/2004, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæmingar rotþróa í Grindavík.

#### 2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

<i>Rotþró</i>	<i>kr.</i>
minni en 2000 l	5.000
2000-4000 l	5.500
4000-6000 l	6.000

Fyrir rotþrær stærri en 6000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 2.000 á rúmmetra við losun.

Þurfi að nota barka lengri en 10 m er innheimt álag við hverja losun kr. 4.000.

Þurfi að fara aukaverð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt 50% álag á tæmingargjald.

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkur með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

*Grindavík, 11. mars 2004.*

**Ólafur Örn Ólafsson** bæjarstjóri.

## GJALDSKRÁ

**fyrir stofngjald fráveitu og fráveitugjald í Grindavík.**

## 1. gr.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar er heimilt, í samræmi við 10., 15. og 16. gr. samþykktar um fráveitu í Grindavík, nr. 205/2004, að leggja á sérstakt gjald vegna stofnkostnaðar og fráveitugjalds til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu bæjarins.

## 2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir einbýlis-, par- og raðhús	kr. 78.800 á hverja íbúð
Fyrir fjölbýlishús	kr. 23.640 á hverja íbúð
Fyrir annað húsnæði	kr. 86.680 pr. tengingu

Gjöldin eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 287,8 stig (1. janúar 2004) og breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölunni.

## 3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,17% af álagningarstofni fyrir íbúðarhúsnæði og 0,25% af álagningarstofni fyrir annað húsnæði. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

## 4. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

## 5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkur og staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Grindavík, 26. febrúar 2004.*

**Ólafur Örn Ólafsson** bæjarstjóri.

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir sjálfseignarstofnun um Þekkingarsetur Þingeyinga.

### 1. gr.

Þekkingarsetur Þingeyinga er sjálfseignarstofnun með sérstakri stjórn. Stofnunin ein ber ábyrgð á skuldbindingum sínum. Hún er að öllu leyti sjálfstæð. Heimili Þekkingarsetursins og varnarþing er á Húsavík.

### 2. gr.

Stofnfé Þekkingarseturs Þingeyinga er kr. 5.000.000 og greiðist af menntamálaráðuneytinu skv. samningi þar um dags. 16. október 2003. Þar af eru kr. 581.000 óskerðanlegt stofnfé að raungildi. Eigi má fara með eigin stofnunarinnar eða ráðstafa þeim á annan hátt en þann er samrýmist markmiðum hennar eða stuðlar að framgangi þeirra.

### 3. gr.

Markmið Þekkingarsetursins er þrjúþætt:

- Að vera miðstöð rannsókna og rannsakenda í héraðinu.
- Hafa frumkvæði að rannsóknarverkefnum og rannsóknastarfi í héraðinu.
- Að treysta undirstöður háskólanáms í fjarnámi í héraðinu.

### 4. gr.

Í stjórn stofnunarinnar sitja sex menn, tilnefndir til tveggja ára í senn.

Húsavíkurbær, héraðsnefnd Þingeyinga, Fræðslumiðstöð Þingeyinga (Fræþing), Náttúrustofa Norðausturlands, Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands tilnefna einn stjórnarmann hver. Á sama hátt skal tilnefna hverjum stjórnarmanni varamann sem á seturétt á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Stjórnin kýs formann stjórnar og varaformann og skiptir með sér verkum til tveggja ára í senn, í fyrsta sinn á stofnfundi í júní 2003. Á fundum stjórnar ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Falli atkvæði á stjórnarfundum jafnt hefur atkvæði formanns tvöfalt vægi. Formanni stjórnar er skylt að boða fund ef a.m.k. tveir stjórnarmenn krefjast þess. Það sem gerist á fundum stjórnar skal bókað í gerðabók og fundargerðir gerðar opinberar.

### 5. gr.

Stjórn Þekkingarsetursins fer með æðsta vald stofnunarinnar, mótar stefnu og starfs-tilhögun og vinnur að markmiðum stofnunarinnar skv. 3. gr. Stjórnin hefur yfirumsjón og eftirlit með öllum málefnum, eignum og rekstri stofnunarinnar, setur henni og starfsfólki reglur og kemur fram fyrir hönd hennar, m.a. gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð á fjárvörslu stofnunarinnar. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda til að yfirfara reikninga stofnunarinnar. Stjórn hefur heimild til að skipa nefndir um sérstök verkefni. Boða skal ársfundi með a.m.k. viku fyrirvara. Á ársfundi skal stjórn leggja fram skýrslu um starfsemi ársins, ársreikning fyrir undangengið fjárhagsár ásamt áætlun um starfsemi komandi árs.

### 6. gr.

Stjórnin ræður forstöðumann til starfa og ákvarðar um starf hans og önnur stjórnunarstörf og setur honum erindisbréf. Forstöðumaður annast daglegan rekstur og ber ábyrgð gagnvart stjórn. Hann vinnur að framgangi stefnumála stofnunarinnar, öflun verkefna og því sem stjórnin ákvarðar hverju sinni. Jafnframt annast hann reikningsskil. Forstöðumaður situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

## 7. gr.

Forstöðumaður fer með stjórn fjármála Þekkingarseturs Þingeyinga í umboði stjórnar. Óheimilt er að stofna til útgjalda umfram heimild stjórnar. Reikningsár stofnunarinnar er 1. janúar til 31. desember. Forstöðumaður skal fyrir 1. október ár hvert leggja rekstraráætlun næsta árs fyrir stjórn til afgreiðslu. Hann skal sjá um að ársreikningur berist Ríkisendurskoðun með tilskyldum hætti ár hvert. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári sbr. ákvæði 3. gr. laga nr. 19/1988.

## 8. gr.

Tekjur Þekkingarseturs Þingeyinga eru eftirfarandi: Opinber framlög, tekjur fyrir þjónustu og aðstöðu, framlög aðila samkvæmt samningum Þekkingarsetursins við þá, framlög fyrirtækja og samtaka, tekjur af ráðstefnu- og námskeiðahaldi og aðrar sértekjur.

## 9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með samþykki 2/3 hluta stjórnar enda sé fundur löglegur og boðaður með viku fyrirvara og tillaga um slíkt verið kynnt sérstaklega í fundarboði. Þekkingarsetur Þingeyinga verður aðeins lagt niður með ákvörðun 2/3 hluta stjórnar. Verði stofnunin lögð niður skal eigum hennar ráðstafað í héraði með tilliti til markmiða hennar. Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á þessari skipulagsskrá og breytingar hljóta staðfestingar dómsmálaráðherra.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. mars 2004.*

F. h. r.

**Hjalti Zóphóníasson.**

*Bryndís Helgadóttir.*

## REGLUR

### um greiðslu fyrir lögregluaðstoð við flutning.

## 1. gr.

Reglur þessar eiga við um aðstoð lögreglu við flutning á farmi sem stærðar sinnar vegna getur stafað hættu af, svo sem húsum, stórum bifreiðum og farmi sem nær út fyrir pall flutningabifreiðar eða er óvenjulega hár, langur eða þungur.

## 2. gr.

Farmeigandi skal sækja um flutning skv. 1. gr. til lögreglustjóra með hæfilegum fyrirvara og er slíkur flutningur einungis heimill að fengnu leyfi lögreglustjóra og með þeim skilyrðum sem í leyfi lögreglustjóra greinir. Lögreglustjóri metur hvort lögreglufylgd er nauðsynleg við flutninginn og hvernig fylgd verði háttáð þannig að eigi stafi hættu af.

Sé farmurinn það stór að hann komist ekki yfir eða undir brú eða rafmagnslínur á fyrirhugaðri leið, ákveður lögregla hvaða leið skuli farin að ákvörðunarstað farmsins. Sé ekki unnt að fara fleiri en eina leið og farmur er of stór fyrir fyrirhugaða leið, synjar lögreglustjóri um leyfi til flutnings.

Purfi að taka niður eða færa til umferðarmerki, raf- eða símalínur eða annað þess háttar til að hliðra til við flutning, skal farmeigandi afla tilskilinna leyfa hjá þar til bærum yfirvöldum og fyrirtækjum, s.s. Vegagerð ríkisins, viðkomandi sveitarfélagi eða orku- eða símafyrirtæki og greiða þann kostnað sem af slíku kann að hljóta. Viðkomandi yfirvöld og fyrirtæki annast þá tilfærslu eða hliðrun sem um ræðir.

### 3. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að krefjast gjalds af farmeiganda fyrir aðstoð við flutning skv. 1. gr. Gjaldið skal greiðast samkvæmt sundurliðuðum reikningi lögreglustjóra og tekur fjárhæð gjaldsins mið af útseldri vinnu lögreglumanna samkvæmt reglum ríkislögreglustjóra þar um, fjölda þeirra lögreglumanna sem lögreglustjóri telur nauðsynlegt að sinni aðstoðinni, þeim tíma sem flutningurinn tekur og tilfallandi aksturskostnaði lögreglubifreiða við aðstoðina samkvæmt kílómetragjaldi ríkislögreglustjóra vegna reksturs lögreglubifreiða. Sé um að ræða fleiri en eitt ökutæki lögreglu, með mismunandi kílómetragjaldi, skal reikna meðaltal kílómetragjalds þeirra ökutækja.

### 4. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 34. gr. og 40. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. mars 2004.*

**Björn Bjarnason.**

*Þorsteinn Geirsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Akureyrar.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 20. janúar 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi miðbæjar. Breytingin felst í því að skilgreining notkunar á reit þar sem eru húsin nr. 81–85 við Hafnarstræti breytist úr miðbæjarstarfsemi í miðbæjarstarfsemi og íbúðir og að teiknaður er reitur fyrir stækkaða 5. hæð hússins nr. 81.

Bæjarstjórn lýsir því yfir að hún tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Akureyri, 15. mars 2004.*

F.h. Akureyrarbæjar,

**Bjarni Reykjalin,** skipulags- og byggingarfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um rekstrarkostnað prestsembættu og vegna prófastsstarfa nr. 819/1999.

#### „STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um rekstrarkostnað prestsembættu  
og vegna prófastsstarfa nr. 819/1999.

#### 1. gr.

Í stað orðanna „250 þúsund“ í 8. gr. komi: 350 þúsund.

#### 2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 1. gr. laga um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra nr. 31/1993 og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2004.

*Gjört í Reykjavík, 17. mars 2004.*

Hulda Guðmundsdóttir,  
varaforseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir  
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

*Reykjavík, 17. mars 2004.*

F.h. kirkjuráðs,

**Karl Sigurbjörnsson**, biskup Íslands.

## REGLUR

### um fjárhagsaðstoð í Reykjanesbæ.

#### I. KAFLI

#### Markmið með fjárhagsaðstoð.

#### 1. gr.

Fjárhagsaðstoð bæjarfélagsins skal miða að því að einstaklingar geti séð fyrir sér og sínum og til að aðstoða þá við að ná fjárhagslegu sjálfstæði, sbr. 12. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Fjárhagsaðstoðin skal taka mið af framfærslukvarða sem samþykktur er af fjölskyldu- og félagsmálaráði og bæjarstjórn og gildir á hverjum tíma.

#### 2. gr.

Fjárhagsaðstoð skal veita í eftirtöldum tilvikum eftir því sem nánar er kveðið á um í reglum þessum:

- a. Til einstaklinga og fjölskyldna sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu og hafa ónógar tekjur sér til framfærslu og geta ekki séð fyrir sér og sínum, sbr. IV. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- b. Þar sem löggjöf mælir fyrir um aðgerðir sem hafa fjárútgjöld í för með sér, s.s. ákvæði V. og VI. kafla laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992.
- c. Þar sem fjárhagsaðstoð er nauðsynleg til að fyrirbyggja að einstaklingar og fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta eigi framfleytt sér.
- d. Þar sem fjárhagsaðstoð er nauðsynleg sem liður í endurhæfingu eða stuðningi til sjálfshjálpar og slík aðstoð er eigi í verkahring annarra.
- e. Ávallt skal kanna hvort önnur úrræði dugi fremur en fjárhagsaðstoð. Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði, s.s. ráðgjöf eða leiðbeiningar, ef þörf er talin á og skjólstæðingur æskir þess.

## II. KAFLI

### Réttur til fjárhagsaðstoðar.

#### 3. gr.

Réttur til fjárhagsaðstoðar fer eftir tekjum umsækjanda og eru tekjumörk eða framfærslugrunnur miðuð við bætur frá Tryggingastofnun ríkisins (lífeyrir og tekjutrygging elli- lífeyrisþega) fyrir einstakling, einfalt margfeldi og eykst margfeldi síðan eftir fjölskyldustærð, en margfeldisstuðull er ákveðinn af félagsmálaráði og bærarstjórn þegar framfærslukvarði er ákveðinn á hverjum tíma. Fjárhagsaðstoð vegna húsnæðiskostnaðar er ákveðinn sérstaklega og tekur mið af fjölskyldustærð.

#### 4. gr.

Í framfærslugrunni eru reiknuð útgjöld vegna daglegs heimilishalds, m.a. eftirtaldir útgjaldaliðir:

- a. matur og drykkjarvörur,
- b. fatnaður,
- c. heimilisbúnaður,
- d. hreinlætisvörur,
- e. lyf og læknishjálp. Tekið skal mið sem nemur 50% af heimilisuppbót T.R.,
- f. afnotagjald síma og ríkisútvarps,
- g. hiti og rafmagn,
- h. dagvistarkostnaður fyrir eitt barn, sem samsvarar gjaldi forgangshóps.

#### 5. gr.

Hafni umsækjandi vinnu skal réttur hans til fjárhagsaðstoðar skerðast um helming þann mánuð sem vinnu er hafnað svo og mánuðinn þar á eftir.

#### 6. gr.

Umsækjandi sem telst vinnufær skal framvísa skráningarskírteini eða dagpeningavottorði frá vinnumiðlun. Geti hann ekki framvísað umræddum gögnum án viðhlítandi skýringa skal fjárhagsaðstoð fyrir umrætt tímabil skerðast um helming.

#### 7. gr.

Umsækjendum sem eru í neyslu áfengis eða annarra vímuefna og eiga rétt á fjárhagsaðstoð skal veitt aðstoðin vikulega.

## 8. gr.

Fjárhagsaðstoð er ýmist í formi styrkja eða lána. Fjárhagsaðstoð skal veitt sem lán ef umsækjandi óskar þess eða könnun á aðstæðum hans leiðir í ljós að eðlilegt er talið að gera kröfur um endurgreiðslu m.a. að teknu tilliti til eigna, framtíðartekna og rétti til bóta vegna slyss eða örorku.

## 9. gr.

Heimilt er að taka vexti af lánum, þó aldrei hærri en meðalvexti lánastofnana á hverjum tíma.

## 10. gr.

Fjárhagsaðstoð sem veitt er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda er ætíð endurkræf. Heimilt er að draga upphæð, sem fengin hefur verið með slíkum hætti, frá fjárhagsaðstoð sem umsækjandi kann að öðlast rétt til síðar.

## 11. gr.

Vakni grunur um að villandi eða rangar upplýsingar hafi verið veittar í því skyni að fá fjárhagsaðstoð, skal metið í samráði við lögmann bæjarins hverju sinni hvort málið skuli sent RLR til rannsóknar.

## 12. gr.

Leiki vafi á búsetu umsækjanda í bæjarfélaginu sbr. lögheimilislög nr. 21/1990, skal málið ráðið til lykta í samráði við manntalsskrifstofu.

## III. KAFLI

**Mat á þörf og útreikningur fjárhagsaðstoðar.**

## 13. gr.

Umsóknir um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá félagsráðgjafa eða ráðgjafa.

Við mat á fjárhagsaðstoð skulu ætíð liggja frammi eftirtalin gögn:

- a. Umsókn á þar til gerðu eyðublaði undirrituðu af umsækjanda, þar sem fram koma m.a. upplýsingar um fjölskyldustærð, hjúskaparstöðu, tekjur, útgjöld, eignir, skuldir, atvinnu, húsnæðisaðstæður, lögheimili, ríkisfang og dvalarstað.
- b. Viðbótarupplýsingar sem starfsmaður eða umsækjandi hafa aflað um hagi umsækjanda og rétt hans til greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins, sjúkrasamlagi, lífeyris-sjóðum verkalýðsfélaga, váttryggingarfélögum, atvinnuleysistryggingum eða öðrum aðilum og upplýsingar um lánamöguleika þegar slíkt á við.
- c. Tekjuyfirlit sem sýnir mánaðartekjur umsækjanda og gjöld. Við gerð þess skulu ætíð liggja fyrir afrit síðustu þriggja launaseðla ef um atvinnutekjur er að ræða og/eða afrit síðasta bótaseðils frá Tryggingastofnun ríkisins. Þá skulu einnig liggja fyrir upplýsingar um aðrar tekjur, s.s. barnabætur, barnabótaauka, vaxta- og húsnæðisbætur, ásamt staðfestu afriti af síðasta skattframtali.
- d. Rökstudd tillaga starfsmanns um afgreiðslu málsins, þar sem gerð er grein fyrir forsendum og markmiðum fjárhagsaðstoðarinnar.
- e. Í þeim tilvikum sem umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa skráningarskírteini frá vinnumiðlun, er staðfestir atvinnuleysi hans. Njóti hann réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa dagpeningavottorði. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði. Hafi hann ekki skráð sig hjá vinnumiðlun, án viðhlítandi skýringa, missir hann hlutfallslegan rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil.



## 14. gr.

Umsækjanda er skylt, sbr. 24. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, að afla nauðsynlegra gagna er fylgja eiga umsókn hans um fjárhagsaðstoð og nauðsynlegar eru taldar til að meta umsóknina, sbr. framangreint. Jafnframt skal umsækjandi gefa félagsmálastofnun umboð til að afla allra nauðsynlegra gagna varðandi fjárhagsmál hans og til að sannreyna upplýsingar er hann veitir, s.s. hjá atvinnurekanda, Tryggingastofnun ríkisins, váttryggingafélögum, lífeyrissjóðum, bönkum o.s.frv. Starfsmönnum Fjölskyldu- og félagsþjónustunnar, kjörnum fulltrúum í fjölskyldu- og félagsmálaráði og öðrum starfsmönnum bæjarfélagsins er fá vitneskju um einkahagi umsækjenda er skylt að meðhöndla þá vitneskju sem trúnaðarmál, sbr. grein 2.1.11.

Ungu fólki á aldrinum 18 til 24 ára, sem býr í foreldrahúsum, eða hjá ættingjum, sem hafa tekjur á eða undir viðmiðunarmörkum, skal reiknuð framfærsla sem nemur 1/2 af upphæð framfærslugrunns.

## 15. gr.

Hafi einstaklingur, er fellur undir ofangreint, forsjá barns skal viðkomandi reiknuð fjárhagsaðstoð til framfærslu að fullu.

## 16. gr.

Við mat á tekjum umsækjanda skal miðað við allar tekjur hans, s.s. nettó atvinnutekjur, atvinnuleysisbætur, bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, barnabætur, barnabótaauka, sjúkradagpeninga, lífeyrisgreiðslur, endurgreiðslu á ofgreiddum skatti, húsnæðis- og vaxtabætur, húsaleigubætur og aðrar tekjur.

## IV. KAFLI

**Heimildarákvæði.**

## 17. gr.

Heimilt er að veita þeim sem eru á eða undir framfærslumörkum eftirtalda styrki:

- a. fæðingarstyrk sem nemur 50% af grunnaðstoð til einstaklings
- b. fermingarstyrk sem nemur 50% af grunnaðstoð til einstaklings
- c. jólastyrk sem nemur 30% af grunnaðstoð miðað við fjölskyldustærð
- d. námskostnað skv. sérstakri áætlun sem gerð er af starfsmönnum Fjölskyldu- og félagsþjónustunnar
- e. styrk til vistmanna sem dvelja á stofnunum og hafa verið þar a.m.k. 4 mánuði eða fyrirsjáanlegt er að dvöl verði löng. Ætíð skal liggja fyrir greinargerð frá viðkomandi stofnun.  
Hámark á ári:
 

fatnaður	30.000
tannviðgerðir	30.000
gleraugu	15.000
námskostnaður	12.000/önn
- f. vasapeninga til vistmanna á stofnunum þegar ekki er fyrir hendi réttur til annarra vasapeninga, að hámarki sem nemur vasapeningum T.R.
- g. útfararkostnað að hámarki kr. 100.000 þegar eignir eru ekki til staðar og ættingjar geta ekki séð um greiðslu kostnaðar.
- h. húsbúnaðarstyrk að hámarki kr. 80.000 (húsbúnaðarstyrkir greiðast einungis einu sinni til hvers einstaklings.)
- i. flutningsstyrk innanlands að hámarki kr. 60.000.

- j. styrk til greiðslu viðtala hjá sálfræðingum eða geðlæknum, hámark aðstoðar 10 tímar miðað við meðalgjald sálfræðinga.

## V. KAFLI Málsmeðferð.

18. gr.

Umsóknir um styrki, skulu lagðar fyrir félagsmálaráð til afgreiðslu hverju sinni. Um ákvörðun fjárhagsaðstoðar vísast að öðru leyti í 1. gr. í reglum þessum.

19. gr.

Óski umsækjandi eftir láni, skal það alla jafnan lagt fyrir fjölskyldu- og félagsmálaráð til afgreiðslu. Lán kemur aðeins til útborgunar eftir að gengið hefur verið frá tryggingu á endurgreiðslu þess.

Ætíð ber að kanna reikningsstöðu umsækjanda um lán áður en mál eru afgreidd. Að öðru jöfnu skal ekki veita ný lán nema staðið hafi verið í skilum vegna eldri lána, skv. greiðslusamkomulagi, eða gerð hafi verið grein fyrir greiðsludrætti á fullnægjandi hátt að mati fjölskyldu- og félagsmálaráðs.

20. gr.

Afgreiðslufundur, skipaður félagsmálastjóra, félagsráðgjöfum og ráðgjöfum, afgreiðir umsóknir um fjárhagsaðstoð skv. reglum þessum. Vafamál sem upp koma á afgreiðslufundi skulu lögð fyrir fjölskyldu- og félagsmálaráð til afgreiðslu.

21. gr.

Ákvörðun um synjun fjárhagsaðstoðar má skjóta til fjölskyldu- og félagsmálaráðs Reykjanesbæjar.

22. gr.

Ákvörðun fjölskyldu- og félagsmálaráðs má skjóta til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, Hafnarhúsínu v/Tryggvagötu. Skal það gert innan 4ra vikna frá því viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

23. gr.

Fjölskyldu- og félagsmálaráð skal tilkynna þeim er sækja um fjárhagsaðstoð þegar um synjun er að ræða að hluta eða öllu leyti, skal það gert með ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt.

## VI. KAFLI Niðurlag.

24. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til 21. gr. laga nr. 40/1991 félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum.

25. gr.

Reglur þessar um félagsþjónustu í Reykjanesbæ sem lagðar voru fram í fjölskyldu- og félagsmálaráði Reykjanesbæjar þann 11. nóvember 1997 voru samþykktar í bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 20. janúar 1998 og öðlast gildi frá og með 1. febrúar 1998.

26. gr.

Breytingar sem samþykktar hafa verið í bæjarstjórn Reykjanesbæjar á reglum þessum frá gildistöku hafa verið færðar inn.

*Reykjanesbæ, 12. mars 2004.*

**Hjördís Árnadóttir** félagsmálastjóri.

## REGLUR

### um fjárhagsaðstoð hjá Vesturbyggð.

#### I. KAFLI

##### Fjárhagsaðstoð, almenn atriði.

###### 1. gr.

Fjárhagsaðstoð, sbr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, skal veitt í eftirtöldum tilvikum eftir því sem nánar er kveðið á um í reglum þessum:

- Til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna, sem hafa ónógar tekjur og geta ekki séð fyrir sér og sínum sbr. IV. og VI. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Til einstaklinga og fjölskyldna vegna sérstakra aðstæðna, svo sem vegna náms, heimilisstofnunar og fleira sbr. IV. kafla.

###### 2. gr.

Fjárhagsaðstoð getur hvort heldur sem er verið lán eða styrkur. Fjárhagsaðstoð skal veitt sem lán ef umsækjandi óskar þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt er að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna.

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er ætíð endurkræf.

Skylt er að veita félagsmálanefnd hverjar þær upplýsingar úr skattskýrslum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar eða hafa fengið hana. Sama gildir um upplýsingar úr skattskýrslum lögskylds framfæranda.

Atvinnurekendur er skylt að láta félagsmálaráði í té upplýsingar um laun þess sem fjárhagsaðstoðar leitar og framfæranda hans.

#### II. KAFLI

##### Umsóknir um fjárhagsaðstoð skv. III. og IV. kafla og málsmeðferð.

###### 3. gr.

*Umsókn og fylgigögn.*

Umsóknir um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá starfsmanni nefndarinnar.

Umsókn skal undirrituð á sérstök umsóknareyðublöð, þar sem veittar eru upplýsingar um umsækjanda, m.a. persónulegar aðstæður, lögheimili, tekjur og eignir.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.

Umsóknum skal fylgja yfirlit yfir tekjur og eignir umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan, svo og yfirlit yfir greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, líffeyrissjóðum, sjúkrasamlagi, atvinnuleysistryggingum eða öðrum aðilum.

Umsóknum um lán skulu fylgja upplýsingar um hvort umsækjandi sé með eldra lán hjá félagsmálanefndinni. Ef svo er þá fylgi einnig upplýsingar um stöðu þess láns.

Í þeim tilvikum sem umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa skráningarskírteini frá vinnumiðlun, er staðfestir atvinnuleysi umsækjanda. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa dagpeningavottorði. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði. Hafi hann ekki skráð sig hjá vinnumiðlun, án viðhlítandi skýringa, missir hann hlutfallslegan rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil.

4. gr.

*Upplýsingar um tekjur.*

Starfsmaður nefndarinnar skal, ef þörf krefur, afla frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda svo sem hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, líffeyrissjóðum og atvinnuleysistryggingarsjóðum.

5. gr.

*Leiðbeiningar til umsækjanda.*

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður nefndarinnar veita umsækjanda upplýsingar um rétt sem hann kann að eiga annars staðar, t.d. hjá Tryggingastofnun eða atvinnuleysisbætur og tryggja að sá réttur sé nýttur.

6. gr.

*Samþykkt aðstoð.*

Að öllu jöfnu skal samþykkt aðstoð ekki vera lengur en einn mánuð í einu.

7. gr.

*Rökstuðningur synjunar.*

Sé umsókn hafnað fær umsækjandi skriflegar upplýsingar þar sem forsendur synjunar eru rökstuddar.

8. gr.

*Rangar/villandi upplýsingar.*

Vakni grunur um að villandi eða rangar upplýsingar hafi verið veittar í því skyni að fá fjárhagsaðstoð skal viðkomandi boðaður í viðtal, þar sem leitast er við að upplýsa málið. Ef það er mat aðila að um vítavert brot hafi verið að ræða skal bæjarstjóra sveitarfélagsins gert viðvart og metið hvort málið verði sent RLR. Hafi umsækjanda verið greidd hærri fjárhagsaðstoð en vera bar samkvæmt reglum þessum getur félagsmálanefndin endurkræfið viðkomandi eftir almennum reglum kröfuréttar. Þá er heimilt að draga upphæðina frá fjárhagsaðstoð sem umsækjandi kynni að öðlast rétt til síðar.

Telji starfsmaður nefndarinnar dvöl skjólstaðings í sveitarfélaginu ekki ígildi fastrar búsetu í samræmi við ákvæði lögheimilislaga nr. 21/1990 skal félagsmálanefnd taka ákvörðun hvort málið skuli sent þjóðskránni, sbr. 11. gr. laga um lögheimili.

## 9. gr.

*Málskot til félagsmálanefndar.*

Ákvörðun um synjun fjárhagsaðstoðar má skjóta til félagsmálanefndar Vesturbyggðar, Aðalstræti 63, Patreksfirði. Skal það gert skriflega og eigi síðar en 4 vikum eftir að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

## 10. gr.

*Málskot til úrskurðarnefndar.*

Ákvörðunum félagsmálanefndar má skjóta til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu. Skal það gert innan 4ra vikna frá því viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

## III. KAFLI

**Réttur til fjárhagsaðstoðar.**

## 11. gr.

*Upphæð fjárhagsaðstoðar.*

Fjárhagsaðstoð til einstaklings, 18 ára og eldri, miðast við allt að 85% ellilífeyri, tekjuþryggingu ellilífeyrisþega og heimilisuppbót skv. ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins hverju sinni samkvæmt nánari ákvörðun félagsmálastjóra/félagsmálanefndar. Miðað við 1. apríl 2003, kr. 64.677. Fjárhagsaðstoð til hjóna og fólks í óvígðri skráðri sambúð hækkar um 1,8. Miðað við 1. apríl 2003, kr. 116.418.

Upphæð fjárhagsaðstoðar er óháð því hvort barn/börn búa á heimilinu.

Geti umsækjandi ekki framvísað skráningarskírteini eða dagpeningavottorði frá Vinnu- miðlun án viðhlítandi skýringa skal fjárhagsaðstoð lækka hlutfallslega fyrir umrætt tímabil.

Umsækjendum sem eru í neyslu áfengis- eða annarra vímuefna skal greidd fjárhagsaðstoð vikulega.

## 12. gr.

*Tekjur umsækjanda.*

Allar tekjur einstaklingsins/maka, í þeim mánuði er sótt er um og mánuðinn á undan, aðrar en greiðslur vegna barna og húsaleigubætur/vaxtabætur, koma til frádráttar við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar. Mæðra- og feðralaun reiknast umsækjanda til tekna.

Með tekjum er hér átt við allar tekjur einstaklings/maka, sem ekki eru sérstaklega til framfærslu barna þ.e. atvinnutekjur, allar skattskyldar tekjur TR, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s.frv. Eigi umsækjandi rétt á atvinnuleysisbótum, skal reikna atvinnuleysisbætur honum til tekna, hvort sem hann hefur stimplað sig eða ekki, nema framvísað sé læknisvottorði.

## 13. gr.

*Eignir umsækjanda/maka.*

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambýlingur, eignir umfram íbúðarhúsnæði, sem umsækjandi eða fjölskylda hans býr í, og fleiri en eina fjölskyldubifreið, eða hafi hann nýlega selt eignir sínar, skal honum vísað á lánaþyrngreiðslu banka og sparisjóða, þó að tekjur hans séu undir viðmiðunarmörkum.

## 14. gr.

*Meðlagsgreiðslur umsækjanda.*

Þegar umsækjandi er undir eða á viðmiðunarmörkum, er heimilt að taka tillit til meðlagsgreiðslna. Hér er átt við áfallandi meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir.

Slíkar greiðslur skulu þá inntar af hendi beint og milliliðalaust af hálfu starfsmanna stofnunarinnar til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

## 15. gr.

*Aðstoð vegna barna og ungmenna.*

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar er gert ráð fyrir að kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum, barnabótaauka og meðlögum, ef við á.

Ungu atvinnulausu fólki, á aldrinum 18-24 ára, sem býr hjá foreldri/foreldrum og hefur tekjur á eða undir viðmiðunarmörkum, skal reiknast  $\frac{1}{2}$  grunnupphæð á mánuði eða mismunur á þeirri upphæð og eigin tekjum þeirra. Meðlag sem það kann að fá greitt reiknast sem tekjur.

Hafi einstaklingur, er fellur undir ofangreint forsjá barns skal viðkomandi reiknuð fjárhagsaðstoð til framfærslu að fullu.

Unglingar 18 ára og yngri eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

## 16. gr.

*Kostnaður vegna húsnæðis.*

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar er gert ráð fyrir að kostnaði umsækjenda vegna húsnæðis verði mætt með greiðslum húsaleigu- eða vaxtabóta, enda hefur þegar verið gert ráð fyrir hluta þess kostnaðar í grunnupphæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu.

## 17. gr.

*Atvinnurekendur/sjálfstætt starfandi einstaklingar, hlutastörf.*

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar eiga rétt til fjárhagsaðstoðar að því tilskildu að þeir hafi hætt rekstri og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997 frá 1. júlí 1997.

Sé umsækjandi í hlutastarfi með tekjur undir viðmiðunarmörkum stofnunarinnar, skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá vinnumiðlun og óski eftir fullu starfi.

## 18. gr.

*Námsmenn.*

Einstaklingar er stunda nám, sem lánshæft er hjá LÍN njóta ekki réttar til fjárhagsaðstoðar.

## 19. gr.

*Tímamörk réttar til fjárhagsaðstoðar.*

Eigi umsækjandi rétt til fjárhagsaðstoðar, gildir rétturinn frá þeim tíma er viðkomandi hafði samband við starfsmenn stofnunarinnar og óskaði eftir viðtalstíma. Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því umsókn er lögð fram.

## IV. KAFLI

**Heimildir vegna sérstakra aðstæðna.**

## 20. gr.

*Húsbúnaðarstyrkur/lán.*

- Til einstaklings, sem er með tekjur á eða undir viðmiðunarmörkum, sem er eignalaus og er að hefja sjálfstæða búsetu eftir a.m.k. 2ja ára dvöl á stofnun. Hámark aðstoðar eru kr. 80.000.  
Þegar um flutning á sambýli er að ræða, er hámark aðstoðar kr. 40.000.
- Til ungs fólks á aldrinum 18-24 ára, sem er eignalaust, með tekjur á eða undir viðmiðunarmörkum og hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að hefja sjálfstæða búsetu í fyrsta sinn. Hámark aðstoðar er kr. 80.000.

- Til ungra foreldra á aldrinum 18-24 ára, sem eru eignalausir, hafa átt í miklum félagslegum erfiðleikum og eru að hefja sína fyrstu búsetu. Hámark aðstoðar er kr. 80.000. Húsbúnaðarstyrkir greiðast aðeins einu sinni.

## 21. gr.

*Útfararstyrkir/lán.*

Heimilt er að veita styrk að hámarki kr. 140.000 vegna útfarar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið getur ekki kostað útför hins látna.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán allt að kr. 140.000 vegna útfarar þegar dánarbúið getur ekki kostað útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í sbr. 13. gr. reglna um fjárhagsaðstoð.

## 22. gr.

*Lán/styrkur vegna sérstakra erfiðleika.*

Í þeim tilfellum sem umsækjandi hefur lent í sérstökum erfiðleikum er heimilt að veita lán eða styrk að fullnægðum eftirtöldum skilyrðum:

- Heimilt er að veita lán til einstaklings/hjóna eða sambúðarfólks, þar sem fyrir liggur staðfest að viðkomandi hefur engan aðgang að lánafyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana.
- Liggja þarf fyrir yfirlit frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna um fjárhagsstöðu umsækjanda. Jafnframt er það gert að skilyrði að fram komi hvort og á hvern hátt lán eða styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra.
- Styrkur kemur einungis til álita hafi umsækjandi haft tekjur á eða undir viðmiðunarmörkum undanfarandi 6 mánuði eða lengur.

## 23. gr.

*Um fjárhagsaðstoð sem veitt er sem lán.*

Fjárhagsaðstoð veitt sem lán samkvæmt þessum reglum, kemur einungis til álita fari umsækjandi í greiðsluþjónustu banka eða sparisjóða. Einnig þarf að liggja fyrir mat á hversu mikla endurgreiðslugetu umsækjandi hefur.

Ef veita á fjárhagsaðstoð sem lán og fyrir liggur að umsækjandi er þegar með eldra lán hjá Vesturbyggð, skal áður en nýtt lán er veitt, gera upp hið eldra lán eða sameina það nýrri lánveitingu.

Fjárhagsaðstoðarlán eru vaxtalaus.

## 24. gr.

Félagsmálanefnd hefur eftirlit með því að heildarupphæð fjárhagsaðstoðar rúmist innan marka fjárhagsáætlunar miðað við eðlilega dreifingu aðstoðar eftir mánuðum.

## 25. gr.

Reglur þessar taka gildi við dagsetningu samþykktar bæjarstjórnar.

Reglur þessar voru samþykktar við síðari umræðu á fundi bæjarstjórnar þann 14. maí 2003 en höfðu áður verið ræddar í bæjarstjórn á fundi þann 9. apríl 2003.

*Bæjarstjórnin í Vesturbyggð, 15. mars 2004.*

**Brynjólfur Gíslason.**

## REGLUR

### um flokkun mjólkur og verðfellingar vegna líftölu, frumutölu og lyfjaleifa.

#### 1. gr.

Verðlagsnefnd búvöru hefur ákveðið flokkun og verðfellingar mjólkur með bactoscan-mælingum vegna líftölu (gerlatölu) eftirfarandi, fyrir tímabilið 1. apríl til 31. desember 2004:

1. flokkur	≤ 400.000	Verð skv. lágmarksverði, 1. flokks mjólk.
2. flokkur	> 400.000 og ≤ 600.000	2% verðfelling af lágmarksverði mjólkur (1,61 kr./lítra pr. 1. janúar 2004).
3. flokkur	> 600.000 og ≤ 3.000.000	5% verðfelling af lágmarksverði mjólkur (4,04 kr./lítra pr. 1. janúar 2004).
4. flokkur	> 3.000.000	8% verðfelling af lágmarksverði mjólkur (6,46 kr./lítra pr. 1. janúar 2004).

Taka skal a.m.k. eitt sýni hjá hverjum framleiðanda í hverri viku. Fyrir hvert sýni sem fer í 2. flokk, skal verðfellt um 2%, í 3. flokk skal verðfellt um 5% og fyrir hvert sýni sem fer í 4. flokk skal verðfellt um 8%. Samanlögð prósentu einstakra flokka skal gilda sem heildarverðfelling fyrir allt mjólkurmagn framleiðandans í mánuðinum. Verðfelling fyrir hvern lítra mjólkur skal reiknuð af lágmarksverði sem gildir á hverjum tíma.

#### 2. gr.

Þá hefur verðlagsnefnd búvöru einnig ákveðið flokkun og verðfellingar mjólkur með frumutölu sem hér segir, fyrir tímabilið 1. apríl til 31. desember 2004:

1. flokkur	≤ 400.000	Verð skv. lágmarksverði, 1. flokks mjólk.
2. flokkur	> 400.000 og ≤ 600.000	1% verðfelling af lágmarksverði mjólkur (0,81 kr./lítra pr. 1. janúar 2004).
3. flokkur	> 600.000	3% verðfelling af lágmarksverði mjólkur (2,42 kr./lítra pr. 1. janúar 2004).

Verðfelling miðast við margfeldismeðaltal mánaðar og að það hafi farið tvo mánuði í röð upp fyrir mörk 1. flokks og þá er reiknuð verðfelling fyrir innlegg síðasta mánaðar miðað við flokkun þess mánaðar.

#### 3. gr.

Ef í mjólk framleiðanda sem send hefur verið í mjólkurstöð finnast lyfjaleifar þá skal það innlegg ekki skráð, þar að auki verði innlegg mánaðar frá viðkomandi framleiðanda verðfellt um 8% af lágmarksverði mjólkur, fyrir tímabilið 1. apríl til 31. desember 2004 (6,46 kr./lítra pr. 1. janúar 2004).

Reglur þessar eru birtar samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 23. mars 2004.

F.h. verðlagsnefndar búvöru,  
**Ólafur Friðriksson** formaður.



# REGLUR

## um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum við Háskóla Íslands háskólaárið 2004-2005.

### 1. gr.

#### *Fjöldatakmörkun í læknadeild.*

Fjöldi nemenda á 1. námsári í læknisfræði takmarkast við töluna 48.

Fjöldi nemenda á 1. námsári í sjúkraþjálfun takmarkast við töluna 20.

Um val nemenda til náms við læknadeild gilda reglur nr. 1042/2003, um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkraþjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands. Reglurnar eru birtar í kennsluskrá og aðgengilegar á vef læknadeildar.

### 2. gr.

#### *Fjöldatakmörkun í hjúkrunarfræðideild.*

Fjöldi nemenda í hjúkrunarfræði takmarkast við töluna 75.

Um val nemenda til náms í hjúkrunarfræði gilda reglur nr. 502/2002, eins og þeim var breytt með reglum nr. 1026/2003. Reglurnar eru birtar í kennsluskrá og aðgengilegar á vef hjúkrunarfræðideildar.

Fjöldi nemenda í ljósmóðurfræði takmarkast við töluna 10.

Um val nemenda til náms í ljósmóðurfræði gilda reglur um það efni sem háskólaráð setti þann 5. október 1995 og birtar eru í kennsluskrá.

### 3. gr.

#### *Fjöldatakmörkun í tannlæknadeild.*

Fjöldi nemenda á vормisseri 1. námsárs í tannlæknadeild takmarkast við töluna 6.

Um val nemenda gilda reglur tannlæknadeildar um samkeppnispróf sem birtar eru í kennsluskrá.

### 4. gr.

#### *Fjöldatakmörkun í félagsvísindadeild.*

Fjöldatakmörkun í félagsvísindadeild verður sem hér segir:

#### **A. Inntaka nemenda í kennslufræði til kennsluréttinda.**

Fjöldi nýrra nemenda í kennslufræði til kennsluréttinda takmarkast við töluna 80.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn, mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Einkunnum í háskóla.
- b) Starfsreynslu.
- c) Greinargerð umsækjenda.
- d) Meðmælum.
- e) Kennaraskorti í ákveðnum greinum.
- f) Dreifingu nemendahópsins á kennslugreinum.
- g) Viðtölum, ef þurfa þykir.

#### **B. Inntaka nemenda í meistaranám í blaða- og fréttamennsku.**

Fjöldi nýrra nemenda í meistaranámi í blaða- og fréttamennsku takmarkast við töluna 21.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Einkunnum í háskóla.

- b) Dreifingu nemendahópsins á greinar.
- c) Reynslu af fjölmiðlastörfum.
- d) Reynslu af öðrum sviðum.
- e) Viðtölum.

**C. Inntaka nemenda í meistaranám í uppeldis- og menntunarfræði.**

Fjöldi nýrra nemenda í meistaranámi í uppeldis- og menntunarfræði takmarkast við töluna 40.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Einkunnum á B.A.- eða B.Ed.-prófi eða öðru háskólaprófi.
- b) Starfsreynslu.
- c) Að rannsóknarsvið námsins tengist rannsóknum kennara.
- d) Meðmælum og persónulegum greinargerðum / viðtölum.

**D. Inntaka nemenda í meistaranám í bókasafns- og upplýsingafræði.**

Fjöldi nýrra nemenda í meistaranámi í bókasafns- og upplýsingafræði (til MLIS-gráðu) takmarkast við töluna 30.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Einkunnum í háskóla.
- b) Starfsreynslu.
- c) Að rannsóknarsvið námsins tengist rannsóknum kennara.
- d) Meðmælum og persónulegum greinargerðum / viðtölum.
- e) Viðtölum.

**E. Inntaka nemenda í diplomanám á meistarastigi í náms- og starfsráðgjöf.**

Fjöldi nýrra nemenda í diplomanámi á meistarastigi í náms- og starfsráðgjöf takmarkast við töluna 20.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Einkunnum í háskóla.
- b) Starfsreynslu.
- c) Meðmælum frá skólastjóra ef umsækjandi hefur kennslureynslu, annars frá kennara umsækjanda í háskóla.
- d) Persónulegum greinargerðum um forsendur og áhugasvið.
- e) Viðtölum ef þurfa þykir.

Að auki kann að verða litið til dreifingar umsækjenda hvað varðar fyrstu prófgráðu, þannig að hlutfall nemenda verði sem jafnast með tilliti til greina sem þeir hafa lokið til B.A.-, B.Ed.- eða B.S.-prófs, ásamt kennsluréttindanámi.

**F. Inntaka nemenda í meistaranám í náms- og starfsráðgjöf.**

Fjöldi nýrra nemenda í meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf (til M.A.-gráðu eftir viðbótar- eða diplomanám, 30 einingar) takmarkast við töluna 20. Miðað er við að jafnmargir nemendur verði teknir inn í fullt nám (10 nemendur) og hlutanám (10 nemendur).

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Einkunnum í háskóla.
- b) Starfsreynslu.

- c) Meðmælum frá skólustjóra ef umsækjandi hefur kennslureynslu, annars frá kennara umsækjanda í háskóla.
- d) Persónulegum greinargerðum um forsendur og áhugasvið.
- e) Viðtölum ef þurfa þykir.

#### **G. Inntaka nemenda í félagsráðgjöf.**

Fjöldi nýrra nemenda í félagsráðgjöf (til B.A.-gráðu með starfsréttindum, 120 einingar) takmarkast við töluna 30.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Einkunnum í háskóla.
- b) Annarri starfstengdri menntun.
- c) Starfsreynslu ásamt umsögnum frá yfirmanni viðkomandi stofnunar (á sviði félagsmála- og heilbrigðisþjónustu eftir því sem við á).
- d) Persónulegum greinargerðum um fyrirhugað starfsval.
- e) Viðtölum ef þurfa þykir.

#### **H. Inntaka nemenda í cand.psych. nám.**

Fjöldi nýrra nemenda í framhaldsnámi í sálfræði (til cand.psych.-gráðu með starfsréttindi skv. lögum nr. 40/1976, til 60 eininga) takmarkast við töluna 15.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Einkunnum á B.A.-prófi í sálfræði frá Háskóla Íslands eða sambærilegu prófi.
- b) Nám að loknu B.A.-prófi í sálfræði og birtingum í ritrýndum tímaritum.

Nefndir, skipaðar starfsmönnum viðkomandi skora, annast val nemenda skv. liðum A-H. Nánari ákvæði um inntökuskilyrði og inntöku nemenda í þessar greinar er að finna í kennsluskrá og á vef félagsvísindadeildar.

5. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett, að fengnum tillögum háskóladeilda og á grundvelli heimildar í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, gilda fyrir háskólaárið 2004-2005.

*Háskóla Íslands, 18. mars 2004.*

**Páll Skúlason.**

*Þórður Kristinsson.*

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
293	15. mars	Reglur um fjárhagsaðstoð hjá Vesturbyggð .....	780-784
294	23. mars	Reglur um flokkun mjólkur og verðfellingar vegna líftölu, frumutölu og lyfjaleifa .....	785
295	18. mars	Reglur um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum við Háskóla Íslands háskólaárið 2004-2005 .....	786-788

